



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Stefnumótun um tónlistarfræðslu í Reykjavík

Skýrsla starfshóps

„Það skiptir miklu máli að sýna hverjum nemanda umhyggju og skilning ásamt því að hvetja hann til dáða“



„...að allir nemendur fái nám við sitt hæfi, hvort sem þeir eru brennandi af áhuga og æfa sig klukkutíma á dag (eða meira) eða langar til að geta spilað á mannamótum“

Maí 2011

Stefnumótun um tónlistarfræðslu í Reykjavík



Útgáfa: Menntasvið Reykjavíkurborgar maí 2011

Unnið af: Starfshópi um stefnumótun í tónlistarfræðslu í Reykjavík

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli | 4 |
| Tillögur starfshóps..... | 5 |
| Inngangur | 6 |
| Helstu niðurstöður könnunar | 7 |
| Fagaðilar sem komu á fund starfshópsins | 10 |
| Fylgiskjöl..... | 11 |
| Erindisbréf..... | 12 |
| Fundargerðir starfshóps..... | 13 |
| Greinargerð vegna könnunar sem gerð var meðal tónlistarskólastjóra, skólahljómsveitarstjóra og tónlistarkennara í nóvember 2010..... | 18 |

Alvaran í gleðinni og gleðin í alvörunni

- Inngangur formanns starfshóps um stefnumótun um tónlistarfræðslu -

Tónlistarfræðsla í Reykjavík er margbreytileg. Tónlistarskólar og skólahljómsveitir borgarinnar eru metnaðarfullar og innan veggja grunnskólans fer fram tónlistaruppeldi af ýmsum toga. Öll börn og unglingar ættu að komast í tæri við skapandi starf og upplifa þá nautn sem tónlistin gefur. Stefna um tónlistarfræðslu í Reykjavík er ekki gripin úr lausu lofti heldur byggir á góðu starfi skólahljómsveita og tónlistarskóla síðustu áratugina, sem og stefnumótun síðustu ára sem fræðslufirvöld hafa markað.

Í stefnunni segir m.a.: Markmið Reykjavíkurborgar er að börn á yngsta stigi grunnskólans komist í snertingu við tónlist, s.s. í gegnum tónmenntakennslu, hljóðfærakynningar, kórastarf, hljóðfæraleik, samspil, sviðsframkomu og fleira.

Þetta er mikilvægt markmið því glíman við tónlistina er ögrandi, krefjandi og lærdómsrík. Sá þáttur hennar sem snýr að samspili og að koma heim og saman tónverki með öðrum er óneitanlega það allra skemmtilegasta við tónlistarnámið. Á þeim stundum skiljum við betur okkur sjálf, finnum fyrir alvörunni í gleðinni og gleðinni í alvörunni. Þá skiljum við til hvers við þuðum og leggjum á okkur æfingar og vinnu. Þá erum við að „mússísera“ saman, glöð og sterk.

Stefna um tónlistarfræðslu er afrakstur vinnu sem hófst í september 2010. Í starfshópnum sátu skólastjórar og kennarar tónlistarskóla og skólahljómsveita auk borgarfulltrúa. Starfshópurinn stóð fyrir könnun meðal allra tónlistarkennara í Reykjavík um hvernig þeir sæju fyrir sér þróun tónlistarfræðslu. Niðurstöðurnar eru leiðarljós um aðgengi, gæði, fjölbreytni, eftirlit, foreldrasamstarf, námsframvindu og mat. Hún felur í sér virðingu fyrir mikilvægi tónlistarfræðslu og gæðum tónlistarskóla og skólahljómsveita. Stefnan kveður á um aukna fjölbreytni í námsleiðum sem og stóraukið samstarf tónlistarskóla og skólahljómsveita við grunnskólana. Það er lykillinn að heildstæðum skóladegi barna og að honum viljum við stefna.

Tónlistarkennurum og stjórnendum í Reykjavík er hér með þakkað fyrir dýrmæt innlegg við mótun stefnunnar. Á hverjum degi ganga tónlistarkennarar til starfa af metnaði og umhyggju fyrir nemendum sínum, hvort sem litið er til þess að mennta tónlistarfólk framtíðarinnar, unnendur tónlistar eða byggja undir árangur í öðrum námsgreinum. En gott tónlistaruppeldi gerir meira en það. Það eflir sjálfstraust barna og unglinga og eykur virðingu þeirra fyrir hinu smáa, fallega og óútskýranlega. Það er ómetanlegt veganesti fyrir framtíðina.

Viva la musica!



Oddný Sturludóttir
formaður Menntaráðs

Tillögur starfshóps að stefnu um tónlistarfræðslu

Leiðarljós

Í Reykjavík er fagleg, fjölbreytt og metnaðarfull tónlistarkennsla með áherslu á börn og ungmenni, án tillits til búsetu. Tónlistarskólar og skólahljómsveitir sinna margvíslegu tónlistaruppeldi í samstarfi við skóla og nærsamfélag. Tónlistarskólar taka mið af aðstæðum í samfélaginu og starfa samkvæmt stefnu borgarinnar um **skóla án aðgreiningar**.

Markmið Reykjavíkurborgar er að börn á yngsta stigi grunnskólans komist í snertingu við tónlist, s.s. í gegnum tónmenntakennslu, hljóðfærakynningar, kórastarf, hljóðfæraleik, samspil, sviðsframkomu og fleira.

Nám og fjölbreytni

Tónlistarnám í Reykjavík tekur mið af þremur meginmarkmiðum **aðalnámskrár tónlistarskóla**: Uppeldislegum markmiðum, leikni- og skilningsmarkmiðum og samfélagslegum markmiðum. Í tónlistarnámi skal komið til móts við nemendur á grundvelli ofangreindra markmiða.

Tónlistarskólar sem eru í samstarfi við borgina eru framúrskarandi mennta- og uppeldisstofnanir, góðir vinnustaðir og með metnaðarfulla skólanámskrá. Tónlistarskólar eru í góðu samstarfi við foreldra og virkir þátttakendur í nærsamfélaginu t.d. með samstarfi sín á milli og við grunn- og leikskóla og menningar- og listastofnanir borgarinnar.

Boðið er upp á fjölbreytt val um námsleiðir, hljóðfæri og kennsluhætti og svigrúm veitt til tilrauna og nýjunga. Notkun upplýsingatækni er virkur þáttur í námi og starfi tónlistarskóla.

Gæði og eftirlit

Tónlistarskólar setja sér metnaðarfull gæðaviðmið sem koma fram með skýrum hætti í skólanámskrá. Gæðaviðmið taka mið af viðurkenndum gæðastuðlum, s.s. aðalnámskrá og öðrum sambærilegum alþjóðlegum viðmiðum.

Tónlistarskólar setja sér reglur um námsframvindu og námsárangur í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og viðmiðum í aðalnámskrá tónlistarskóla og skulu þær vera sýnilegar og aðgengilegar nemendum og forráðamönnum.

Tónlistarskólar beita sér fyrir öflugu foreldrasamstarfi sem samanstendur m.a. af foreldraviðtölum, kynningarfundum um skólastarfið og reglulegum samskiptum um framvindu námsins.

Tónlistarskólar framkvæma reglulega innra mat á starfi sínu. Reykjavíkurborg eða annar hlutlaus aðili framkvæmir reglulega ytra mat á starfi tónlistarskóla.

Aðstaða til tónlistanáms er góð og hljóðfæra- og tækjakostur til fyrirmyndar.

Reykjavíkurborg og tónlistarskólar

Tónlistarskólar með þjónustusamning við Reykjavíkurborg hafa burði til að uppfylla skilyrði borgarinnar um fjölbreytni, fjárhagslega hagkvæmni og faglegt starf.

Reykjavíkurborg greiðir framlag til tónlistarkennslu samkvæmt **lögum um fjárhagslegan stuðning** við tónlistarskóla 75/1985. Framlagið fer til greiðslu kennslukostnaðar.

Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og aðra sem sækja um fjármagn til tónlistaruppeldis barna og ungmenna í borginni byggja á faglegum kröfum, gegnsæi og jafnræði. Samstarfið er metið reglulega með hliðsjón af stefnu menntaráðs um tónlistarfræðslu.

Inngangur

Á fundi menntaráðs 25. ágúst 2010 var samþykkt að marka stefnu um tónlistarfræðslu í Reykjavík. Leiðarljósið var að efla fagvitund, kostnaðarvitund, samstarf og jafnræði þegar kemur að tónlistarnámi og öllu skipulagi tónlistarskóla í Reykjavík. Menntaráð samþykkti jafnframt að frá og með hausti 2011 verði tónlistarnám barna og ungmenna í forgangi. Því verði sett aldursviðmið um nemendur sem Reykjavíkurborg greiðir framlög með.

Leiðarljósið var að efla fagvitund, kostnaðarvitund, samstarf og jafnræði þegar kemur að tónlistarnámi og öllu skipulagi tónlistarskóla í Reykjavík.

Hlutverk starfshópsins, samkvæmt greinargerð sem fylgdi með tillögu menntaráðs, var að vinna náið með skólastjórum og kennurum tónlistarskóla og kalla til ráðgjafar sérfræðinga á sviði tónlistarfræðslu, Félag tónlistarskólakennara og Félag íslenskra hljómlistarmanna. Þá var eftirfarandi tilgreint sem hluti af vinnu hópsins:

- setja gæðaviðmið fyrir tónlistarnám í Reykjavík
- rýna í könnun FT sem greinir núverandi kerfi tónlistarskóla á Íslandi, **Vegvísi til listfræðslu** (UNESCO) og **úttekt Anne Bamford á listgreinakennslu á Íslandi**
- skoða hvernig tónlistarskólar geti aðlagast nýjum aðstæðum í samfélaginu og boðið upp á sveigjanlegra og ódýrara tónlistarnám í samræmi við áherslur menntaráðs
- móta reglur borgarinnar um við hvaða aldur nemenda skal miða þegar kemur að framlagi til tónlistarnáms
- setja viðmið um námsframvindu og árangur
- rýna með skólastjórum og kennurum sérstöðu hvers skóla og hvernig koma megi til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda
- skoða hvernig hægt er að stórefla samstarf tónlistarskóla, leikskóla og grunnskóla

Starfshópurinn tók ekki afstöðu til aldursviðmiða né tillagna til breytinga á þjónustusamningum borgarinnar.

Fræðslustjóri skipaði í starfshópinn:

- Oddnýju Sturludóttur borgarfulltrúa, formaður starfshópsins,
- Þorbjörgu Helga Vigfúsdóttur borgarfulltrúa
- Sigurð Sævarsson tónlistarskólastjóra tilnefndur af STÍR,
- Hildi Guðnýju Þórhallsdóttur tónlistarkennara tilnefnd af FÍH,
- Jón Hrólf Sigurjónsson tónlistarkennara tilnefndur af FT,
- Einar Jónsson stjórnandi skólahljómsveitar fyrir hönd skólahljómsveitastjóra í Reykjavík,
- Stefán Stefánsson tónlistarskólastjóra
- Laufeyju Ólafsdóttur forstöðumann tónlistarmála á Menntasviði Reykjavíkur.

Starfshópurinn hóf störf 29. september 2010 og hélt samtals 11 fundi. Í upphafi kynnti starfshópurinn sér **Vegvísi til listfræðslu** (Unesco 2006), helstu niðurstöður í úttekt Anne Bamford á listgreinakennslu á Íslandi (**Arts and Cultural Education in Iceland 2009**) og **aðalnámskrá tónlistarskóla**.

Í samræmi við samþykkt menntaráðs var ákveðið að hafa samráð við tónlistarskólustjóra og tónlistarkennara og í því skyni tekin ákvörðun um að gera rafræna könnun sem senda átti til allra tónlistarskólustjóra, skólahljómsveitarstjóra og tónlistarkennara í tónlistarskólum og skólahljómsveitum í Reykjavík. Tilgangurinn var að fá fram upplýsingar um viðhorf tónlistarkennara og stjórnenda, og hugmyndir um eftirfarandi þætti:

- hver eiga gæðaviðmið tónlistarskóla að vera,
- árangursviðmið, viðmið um námsframvindu
- tækifæri tónlistarskóla/skólahljómsveita til samstarfs við aðra aðila,
- framtíðarsýn á tónlistaskólakerfið

Óskað var eftir upplýsingum um netföng allra tónlistarkennara, tónlistarskólustjóra og stjórnenda skólahljómsveita í Reykjavík og var könnunin send á 369 netföng. Könnunin fór fram í lok nóvember 2011 og svarhlutfall var 55 – 60%, en hluti svarenda svaraði könnuninni ekki að öllu leyti.

Það var tölfræði- og rannsóknarþjónusta Menntasviðs sem sá um framkvæmd könnunarinnar. Opin svör í skýrslunni eru birt eins og þau voru skrifuð af svarendum.

Helstu niðurstöður könnunar

Þegar spurt var hver **framtíðarsýn** svarenda á tónlistarkennslu í Reykjavík væri kom m.a. fram ósk um að allir hefðu jafnan aðgang að tónlistarkennslu óháð fjárhag, öll börn í sambærilegu tónlistarnámi njóti sama fjárstyrks frá borginni, velji sjálf tónlistarskólann þar sem þau vilja stunda nám og fé fylgi þeim

...allir hafi jafnan
aðgang að
tónlistarkennslu
óháð fjárhag.

...sambætting listgreinakennslu
inn í almennt skólastarf ætti að
vera mun veigameiri þáttur í
grunnnámi nemenda

þangað, að allir hafi jafnan aðgang að tónlistarkennslu óháð búsetu¹, að allir hafi jafnan aðgang að tónlistarkennslu óháð aldri, að allir hafi jafnan aðgang að tónlistarkennslu hvort sem nemendur ætli sér að starfa við tónlist í framtíðinni eða vilji bara hafa gaman af náminu.

¹ Þarna var verið að vísa í að borgin eigi sem höfuðborg að taka á móti og greiða með tónlistarnemum frá öðrum sveitarfélögum.

Þá kom einnig fram að samþætting listgreinakennslu inn í almennt skólastarf ætti að vera mun veigameiri þáttur í grunnnámi nemenda. Með bættri aðstöðu í grunnskólanum ætti tónlistarkennsla á grunnstigi að fara fram þar, öllum nemendum stæði sú kennsla til boða. Kennsla í miðstigi og framhaldsstigi fari fram í tónlistarskólum þar sem boðið yrði upp á fjölbreyttara nám en gert er í dag. Aðgreining væri milli tólmstunda- og „alvöru“ tónlistarnáms frá unga aldri, færri tónlistarskólar bjóði upp á nám á framhaldsstigi og í þeim verði til gott samfélag metnaðarfullra nemenda með möguleika á alls konar vali og samvinnu.

Með bættri aðstöðu fyrir tónlistarkennslu í grunnskólum ætti tónlistarkennsla á grunnstigi að fara þar fram, öllum nemendum stæði sú kennsla til boða.

Fram kom að fækka þyrfti tónlistarskólum og að heildstæð stefna verði sett hvað varðar fjölda skóla, færri skólar geta veitt fjölbreyttari þjónustu, (hljómsveitarstarf, hóptímar, fleiri hljóðfæri, fjölbreyttara starfslíð) með of mörgum litlum skólum fara of miklir fjármunir í stjórnunarkostnað og yfirbyggingu.

Þá kom fram að gerðar verði mun meiri kröfur en nú er um ástundun nemenda og að nemendur geti ekki haldið áfram í tónlistarnámi ef þeir sinna ekki náminu.

Fram kom að tónlistarskólarnir haldi áfram því góða starfi sem þeir hafa verið að vinna og að tónlistarmenn, kennarar og stjórnvöld standi vörð um það sem áunnist hefur og breyti ekki breytinganna vegna.

aukin samvinna tónlistarskóla við grunnskóla, aukin fjölbreytni í tónlistarnámi, aukin fjárframlög til tónlistarskóla, fjárstuðningur við nemendur og afnám búsetuhamlana

Spurt var um mögulegt samstarf tónlistarskóla og skólahljómsveita við aðra aðila. Langflestir eða 87% vilja að tónlistarskólar og skólahljómsveitir séu í samstarfi við aðra tónlistarskóla og/eða skólahljómsveitir. Á bilinu 69-74% vill að tónlistarskólar og skólahljómsveitir séu í samstarfi við grunnskóla, listamenn og/eða menningarstofnanir. Rúmur helmingur vill vera í samstarfi við framhaldsskóla en innan við helmingur vill samstarf

við leikskóla, félagasamtök og/eða fyrirtæki.

Spurt var í hverju samstarfið gæti falist. Langflestir þeirra sem svöruðu spurningunni, eða 87%, vilja að samspil/samsöngur sé þáttur í samstarfi við aðra aðila. Næstu þrjú af hverjum fjórum vilja að skapandi starf og/eða samstarfsverkefni séu það sem samstarf felst í og á bilinu 54-61% vilja kynningar, vettvangsferðir og tónfræðigreinar.

Tónlistarkennarar og skólastjórnendur voru spurðir hvernig auka megi sveigjanleika í tónlistarnámi til að tryggja að sem flestir, t.d. óháð efnahag og/eða fötlunar, hafi tæk á að fara í tónlistarnám.

Oftast nefndu þeir aukna samvinnu tónlistarskólanna við grunnskólana, aukna fjölbreytni í tónlistarnáminu, aukin fjárframlög til tónlistarskóla, fjárstuðning við nemendur og afnám búsetuhamlana gagnvart nemendum. Fleiri þættir voru nefndir, s.s. að bjóða ætti upp á fjölbreyttari námsleiðir, hóptíma eða námskeið sem væru ódýrari en einkatímarnir, en fram kom að einkatímakennslan væri nauðsynleg til að halda uppi þeim gæðaviðmiðum sem námskráin fer fram á.

Spurt var um hvaða þættir væru mikilvægir í foreldrasamstarfi. Næstum allir telja að upplýsingar um framvindu náms (98%) og að mæting foreldra á tónleika barnanna (96%) séu mikilvægar. Langflestir eða 86% finnst námsmat mikilvægt og á bilinu 66-75% finnst regluleg foreldraviðtöl, þátttaka foreldra í skólastarfi, samskiptabækur og samvinna um skipulag náms mikilvægt. Rúmlega helmingi svarenda finnst að upplýsa eigi foreldra um framvindu náms tvisvar sinnum á ári. Aðspurðir um hvernig eigi að upplýsa foreldra um framvindu í námi segja á bilinu 64-71% í gegnum foreldraviðtöl, tölvupósta og/eða símtöl. Innan við helmingur vill nota samskiptabækur og aðeins 12% nefna Mentor í þessum tilgangi.

Varðandi námsframvindu þá finnst 73 – 80% af tónlistarkennurum 3 – 4 ár eðlilegur tími fyrir hvert námsstig þ.e. grunnnám, miðnám og framhaldsnám. 70% finnst að tónlistarskólar eigi að setja viðmið fyrir hvert skólaár um nám nemenda umfram þau sem birtast í aðalnámsskrá tónlistarskóla. Þeim sem hafa þessa skoðun finnst flestum að ástundun nemenda sé þáttur sem setja ætti viðmið um. Næst á eftir koma tónleikar, heimaæfingar, framfarir, yfirferð og loks próf.

Spurt var hver viðbrögð tónlistarskóla eigi að vera ef nemandi stenst ekki viðmið skólans. Það sem oftast var nefnt var að skoða þyrfti hvert tilvik sérstaklega, finna nýjar leiðir fyrir nemandann, hafa samráð við foreldra og aðvara eða áminna nemendur.

Skólanámsskrár eru í 60% tónlistarskóla, en um 85% kennara finnst að tónlistarskóli eigi að hafa skólanámsskrá.

Skólanámsskrár eru í 60% tónlistarskóla, en um 85% kennara finnst að tónlistarskóli eigi að hafa skólanámsskrá. Fimmtungur veit ekki hvort skólanámsskrá er til við skólann.

Tæplega 60% töldu að tónlistarskólar gætu komið í veg fyrir brottfall nemenda. Skólastjórar og kennarar sem merktu við „já“ voru spurðir í framhaldi hvernig þeir teldu tónlistarskólana geta komið í veg fyrir brottfall nemenda úr tónlistarskólum². Algengasta svarið var að meira einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttara nám og aukið foreldrasamstarf væru þær leiðir sem svarendur töldu heppilegar.

² Allnokkrir svarenda skildu spurninguna á þá vegu að verið væri að spyrja um hvernig tónlistarnám gæti dregið úr brottfalli nemenda úr almennu skólanámi.

Fagaðilar sem komu á fund starfshópsins

Starfshópurinn boðaði ýmsa fagaðila á sinn fund m.a. Sigrúnu Grendal formann FT, en hún kynnti nýja könnun sem gerð var á vegum Félags tónlistarkennara til að greina kerfi tónlistarskóla á Íslandi. Könnunin leiddi m.a. í ljós að hlutfall nemenda á grunnskólaaldri er 26% á landinu öllu en 19% í Reykjavík. Ýmsar skýringar eru á þessu m.a. að í Reykjavík er áhersla á leikni og skilningsmarkmið aðalnámskrár tónlistarskóla en á mörgum stöðum úti á landi er áherslan fyrst og fremst samfélagsleg (þ.e. að veita öllum sem þess æskja færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun). Jafnframt kom í ljós að nemendur haldast betur í tónlistarnámi í þeim tónlistarskólum sem bjóða upp á fjölbreytt nám

Að mati formanns FT er mikilvægt að sveitarfélög skilgreini út frá þremur meginmarkmiðum aðalnámskrár tónlistarskóla sem eru uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið, hvaða áherslur þau vilja hafa með tónlistarnáminu.

Mikilvægt er að sveitarfélög skilgreini út frá þremur meginmarkmiðum aðalnámskrár tónlistarskóla...hvaða áherslur þau vilja hafa með tónlistarnáminu

Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennsludeildar Listaháskóla Íslands, setti fram nokkrar lykilsurningar um markmið tónlistanáms:

- Eiga öll börn að fá grunnmenntun í tónlist (hér er átt við hljóðfærakennslu) ?
- Ætlum við að mennta hlustendur/njótendur?
- Ætlum við að mennta afburðartónlistarfólk?
- Er hægt að gera eitthvað öðruvísi í tónlistarskólakerfinu en halda samt kostum þess?

Þá ræddi hún um menntun tónlistarkennara á Íslandi og spurði hvert markmiðið ætti að vera með kennaramenntun og hvernig við viljum mennta tónlistarkennara.

Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri heildarmats á skólastarfi, fór yfir ferli, framkvæmd og eftirfylgni við heildarmatið. Markmiðið er að efla skólastarf, veita yfirsýn yfir sterka og veika þætti í framkvæmd menntastefnu borgarinnar.

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, og Mist Þorkelsdóttir, deildarforseti tónlistardeildar Listaháskóla Íslands, ræddu undirbúning nemenda í framhaldsnámi í tónlistarskólum og kennaramenntun. Þá ræddu þau um að fáir nemendur sækja um nám í LHÍ þrátt fyrir að mikill fjöldi nemenda sé í framhaldsnámi í tónlistarskólum í Reykjavík. Þau lýstu áhuga á að vita hve stór hluti nemenda í framhaldsnámi lýkur framhaldsprófi.

Fylgiskjöl

Erindisbréf

| |
|---|
| <p>Heiti vinnuhóps: Starfshópur um stefnumótun í tónlistarfræðslu í Reykjavík</p> |
| <p>Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri</p> |
| <p>Hlutverk: Að móta stefnu í tónlistarfræðslu fyrir Reykjavíkurborg. Leiðarljósið verði að efla fagvitund, kostnaðarvitund og ja fræði í tónlistamámi og í öllu skipulagi tónlistarskóla í Reykjavík. Þetta verði gert í nánun samstarfi við skólastjóra tónlistarskóla, sérfræðinga á sviði tónlistarfræðslu og FT og FÍH</p> |
| <p>Helstu verkefni: a) setja gæðaviðmið fyrir tónlistamámi í Reykjavík b) rýning á könnun FT sem greinir núverandi kerfi tónlistarskóla á Íslandi, Vegvísi til listfræðslu (UNESCO) og úttekt Anne Bamford á listgreinakennslu á Íslandi c) skoða hvemig tónlistarskólar geti aðlagast nýjum aðstæðum í samfélaginu og boðið upp á sveigjanlegra og ódýrara tónlistamámi í samræmi við áherslur menntaráðs d) mótun reglna borgarinnar um við hvaða aldur nemenda skal miða þegar kemur að framlagi til tónlistamáms e) setja viðmið um námsframvindu og árangur f) rýna með skólastjórum sérstöðuhvers skóla og hvemig hægt er að koma til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda g) skoða hvemig hægt er að stórefla samstarf tónlistarskóla, leikskóla og grunnskóla þegar kemur að tónlistamámi h) foreldrasamstarf i) hvemig er skólanámskrá hvers skóla j) að taka nemendur út úr tímum k) hvatakerfi fyrir tónlistarskólar sem mæta markmiðum menntaráðs um aðgengi, samstarf og jöfnuð l) nemendur með sérþarfir</p> |
| <p>Fulltrúar í vinnuhópi: Oddný Sturludóttir formaður menntaráðs Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi Sigurður Sævarsson skólastjóri, formaður STIR Stefán Stefánsson skólastjóri tónlistarskóla utan STIR Einar Jónsson stjórnandi skólahljómsveitar Laufey Olafsdóttir forstöðumaður tónlistarmála</p> |
| <p>Formaður vinnuhóps: Oddný Sturludóttir formaður menntaráðs</p> |
| <p>Starfsmenn: [Redacted]</p> |
| <p>Ráðgjöf / samstarf: Sérfræðingar á sviði tónlistarfræðslu og sérfræðingar á sviði rekstrar</p> |
| <p>Starfstímabil: 25. ágúst - 1. nóvember 2010</p> |

Fundargerðir starfshópsins

29. september 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Stefán Stefánsson, Sigurður Sævarsson, Einar Jónsson og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður hópsins kynnt erindisbréf og fór yfir forsögu þess að hópurinn var skipaður. Þá fór hún yfir verkefni hópsins. Eitt af mörgum mikilvægum verkefnum er að tengja saman fag- og kostnaðarvitund í tónlistarnámi auk þess að setja gæðaviðmið fyrir tónlistarnám.

Starfshópurinn þarf að hafa gott samstarf við tónlistarskóla og aðra hagsmunaaðila. Varðandi námsframvindu- og árangursviðmið þarf að leita til tónlistarskóla og óska eftir hugmyndum frá þeim.

Kanna námskrá hjá Skólahljómsveit Kópavogs. Einar Jónsson kannar málið.

Stefán fór yfir sínar hugleiðingar um vinnuna framundan m.t.t. þeirra verkefna sem fram koma í erindisbréfi. Hann lagði fram skjal með hugmyndum sínum. Laufey sendir skjalið á fundamenn.

Þorbjörg Helga bað um að kannað yrði hvort mennta- og menningarmálaráðuneytið geri einhverja úttekt á tónlistarskólum.

Rætt var hvort setja ætti foreldrasamstarf undir helstu verkefni hópsins? Þá var rætt hvort hægt sé að útfæra námsleiðir innan grunnskóla m.t.t. jafnræðis og einnig hvort huga þurfi að sameiningu tónlistarskóla líkt og í öðrum skólum.

6. október 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Stefán Stefánsson, Sigurður Sævarsson, Einar Jónsson, Sigrún Grendal og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Sigrún Grendal formaður félags tónlistarkennara (FT) koma á fundinn og kynnti stóra könnun sem FT gerði og nefnist „Greining á kerfi tónlistarskóla á Íslandi“. Í könnuninni eru ólík skólalíkön skoðuð út frá þjónustu-, kostnaðar- og virknistuðlum, skiptingu í námsáfangi, kennslugreinum, aldri nemenda, markmiðum aðalnámskrár ofl.

Samkvæmt könnuninni er kostnaðarstuðull að meðaltali fyrir landið allt 0,97. Á höfuðborgarsvæðinu er hann 1.02.

Þjónustustuðull (hóp- og einkatímar) fyrir landið allt er 1,93 en 2,35 fyrir höfuðborgarsvæðið.

Virknistuðull (fjöldi námgreina sem nemandi leggur stund á) á landinu öllu er 1,88 en 1,94 á höfuðborgarsvæðinu.

Könnunin leiddi m.a. í ljós að nemendur haldast betur í tónlistarnámi í þeim skólum sem bjóða upp á fjölbreytt nám.

Hlutfall nemenda á grunnskólaaldri er 26% á landinu öllu en 19% í Reykjavík. Ýmsar skýringar eru á þessu m.a. að í Reykjavík er áhersla á leikni og skilningsmarkmið aðalnámskrár tónlistarskóla á meðan að á mörgum stöðum úti á landi er áherslan fyrst og fremst samfélagsleg (þ.e. að veita öllum sem þess æskja færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun)

Mikilvægt að sveitarfélög skilgreini út frá meginmarkmiðum aðalnámskrár tónlistarskóla hvaða áherslur þau vilja hafa með tónlistarnáminu.

Meginmarkmið aðalnámskrár skiptast í þrjú flokka: **uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið.**

Könnun FT verður aðgengileg fljótlega á vef KÍ – www.ki.is

Ákveðið var að óska eftir að Sigrún Grendal hitti starfshópinn aftur þegar einhverjar niðurstöður liggja fyrir.

12. október 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Einar Jónsson, Sigurður Sævarsson, Stefán Stefánsson og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir boðaði forföll.

Á fundinum var farið yfir verkefnið framundan. Ákveðið var að senda rafræna könnun til tónlistarkennara í tónlistarskólum og í skólahljómsveitum í Reykjavík til að fá upplýsingar um viðhorf þeirra og hugmyndir um eftirfarandi þætti:

- Gæðaviðmið tónlistarskóla – hver eiga þau að vera
- Aldursviðmið
- Árangursviðmið – eiga tónlistarskólar að setja viðmið um árangur og ef svo þá vinsamlegast komið með tillögur að slíkum viðmiðum.
- Námsframvinduviðmið – hvað er eðlilegt að nemandi sé lengi í hverju námsstigi
- Tækifæri til samstarfs við aðra tónlistarskóla/skólahljómsveitir, skóla, menningarstofnanir ofl.
- Mismundandi námsleiðir/módel
- Hvernig er hægt að halda lengur í nemendum?
- Opnar spurningar um framtíðarsýn kennara á tónlistarskólakerfið
- Hvernig er hægt að tryggja jafnræði íbúa þegar kemur að aðgengi í tónlistarnám?

Starfshópurinn mun útfæra spurningalistann í samráði við Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs. Þá mun starfshópurinn óska eftir því við tónlistarskólalækjóra að þeir ræði spurningar úr könnuninni við kennara sína.

Rætt var hvor ekki væri eðlilegt að stefna borgarinnar byggi á þremur meginmarkmiðum aðalnámsskrár tónlistarskóla:

Uppeldisleg markmið - stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun.

Leikni- og skilningsmarkmið - stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda.

Samfélagsleg markmið - stuðla að þátttöku í fjölbreyttri mennta- og menningarstarfsemi.

Þá var reifað hvort ekki mætti hugsa sér tónlistarskólalíkan sem tæki við fleirum sem óska eftir að stunda tónlistarnám og það væri þá almennara, en líkanið byði jafnframt upp á sérhæfðara nám fyrir þá sem hefðu hæfileika og löngun til frekara tónlistarnáms.

Rætt var hvort deila þurfi fjármagni á íbúa en ekki á tónlistarskóla til að tryggja jafnræði í aðgengi óháð búsetu.

Kynnt var staðan í viðræðum ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkaskiptingu í tónlistarfræðslu.

Starfshópurinn óskar eftir að fá upplýsingar frá prófanefnd tónlistarskólanna um fjölda áfangaprófa og skiptingu á milli námsstiga í Reykjavík og samanburð við landsbyggðina.

20. október 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Stefán Stefánsson, Sigurður Sævarsson, Hildur Guðný Þórhallsdóttir, Jón Hrólfur Sigurjónsson og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð. Einar Jónsson boðaði forföll.

Formaður bauð 2 nýja fulltrúa frá FT og FÍH velkomna í starfshópinn og fór stuttlega yfir erindisbréfið og helstu verkefni hópsins.

Farið var yfir drög að spurningalista sem senda á til allra tónlistarkennara sem starfa í skólahljómsveitum og tónlistarskólum í Reykjavík.

Bent var á að setja þyrfti bakgrunnsbreytur í spurningalistann.

Rætt var um að mikið fjármagn færi til tónlistarskóla í Reykjavík en námið sé ekki fyrir alla. Hvernig er hægt að koma fleiri nemendum að, en vera jafnframt með námstilboð fyrir þá sem hafa mikla hæfileika og áhuga? Í þessu samhengi var rætt um mismunandi námsleiðir og námstilboð. Þá var rætt hvort skólar væru með úrræði þegar nemandi skilar ekki neinum námsárangri og er áhugalaus um námið. Hvernig getur tónlistarskóli réttlætt að nemandi fái framlag frá borginni til tónlistarnáms? Mikilvægt að fá skoðanir og/eða tillögur frá tónlistarkennurum á þessu.

Aldursviðmið voru rædd. Fram kom að gera þyrfti greinarmun á tómsundanámi og „alvöru“ námi í tónlist ef nemandi er eldri en 16 ára, og gera þarf kröfu um námsárangur. Mjög skiptar skoðanir voru í hópnum um hvort setja eigi aldursviðmið.

Vísað var í líkan frá Noregi en samkvæmt því þá minnkar hlutfall skattgreiðenda í námi eftir því sem nemendur eru eldri.

Hópurinn óskar eftir að fá Birnu Sigurjónsdóttur á fund til að kynna á heildarmat á skólastarfi.

27. október 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Stefán Stefánsson, Sigurður Sævarsson, Einar Jónsson, Hildur Guðný Þórhallsdóttir, Jón Hrólfur Sigurjónsson og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Unnið var að spurningalista sem fara á til tónlistarkennara.

Rætt var hvort fagráð FT/FÍH væri hugsanlega að vinna að svipuðum faglegum málum og starfshópurinn og hvort ekki séu til kannanir ofl sem styðjast mætti við. Undirritaðri falið að kanna málið.

Er mögulegt að gera heildarúttekt á tónlistarskólum þar sem m.a. er skoðaður árangur, samvinna sveigjanleiki, fjölbreytni, aðgengi auk faglegra þátta. Í þessu samhengi var bent á heildarmatið sem fram fer í grunnskólun borgarinnar og rætt hvort mögulegt væri að aðlaga það að tónlistarskólum. Rætt var hvort það væri yfirleitt hlutverk borgarinnar að setja strangar reglur. Borgin kallar eftir miklum upplýsingum frá tónlistarskólum árlega s.s. ársreikningum, um menntun og laun tónlistarkennara, greinargerð um skólastarf og nemendalista – er það ekki nægjanlegt? Tónlistarskólar starfa samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla og þjónustusamningur borgarinnar gengur út frá því. Er verkefni starfshópsins kannski að útfæra það sem þegar er til staðar í því kerfi sem nú er við lýði? Umræða fór fram um hvort gera eigi stefnu fyrir tónlistarfræðslu út frá fjármagni? Að mati sumra í starfshópnum er mikilvægt að stefnan og fjármagnið fari saman því það tvennt sé óaðskiljanlegt. Áhugi er fyrir því í starfshópnum að innleiða hvatningarverðlaun tónlistarskóla líkt og hjá grunnskólum og að halda námskeið um skólanámskrár fyrir skólastjórnendur í tónlistarskólum.

3. nóvember 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Stefán Stefánsson, Sigurður Sævarsson, Einar Jónsson, Hildur Guðný Þórhallsdóttir, Jón Hrólfur Sigurjónsson og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð. Auk þess komu inn á fundinn Jón Ingi Einarsson, fjármálastjóri Menntasviðs, og Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri heildarmats á Menntasviði.

Fjármálastjóri Menntasviðs kynnti forsendur í fjárhagsáætlun 2011 fyrir Menntasvið og hvaða áhrif hagræðing mun hafa á tónlistarskóla í borginni.

Rætt var um þá nauðsynlegu endurskipulagningu sem verður að eiga sér stað á öllum sviðum borgarinnar til þess að hægt verði að ljúka fjárhagsáætlun í samræmi við lög og reglur.

Birna Sigurjónsdóttir kynnti heildarmat í grunnskólum borgarinnar. Hún fór yfir ferli og framkvæmd matsins og eftirfylgni. Markmiðið með heildarmati er að efla skólastarf, veita yfirsýn yfir sterka og veika þætti í framkvæmd menntastefnu borgarinnar. Í matinu eru eftirfarandi þættir skoðaðir: skólastarfið, verklag, mannaúður og fjármál. Þeir sem koma að framkvæmd heildarmatsins eru allir sérfræðingar á sínu sviði t.d. þeir sem meta gæði kennslustunda eru kennarar og skólastjórnendur til margra ára.

10. nóvember 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Stefán Stefánsson, Sigurður Sævarsson, Einar Jónsson, Hildur Guðný Þórhallsdóttir, Jón Hrólfur Sigurjónsson og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð. Á fundinn kom Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennsludeildar Listaháskólans, Ingi B. Poulsen, lögmaður frá skrifstofu borgarlögmans, boðaði forföll.

Kristín setti fram eftirfarandi lykilsurningar:

- Hvert er markmið tónlistarkennslu?
- Eiga öll börn að fá grunnmenntun í tónlist (hér er átt við hljóðfærakennslu) ?
- Ætlum við að mennta hlustendur/njótendur?
- Ætlum við að mennta afburðartónlistarfólk?

Aðgegni - komast allir sem vilja í tónlistarskóla t.d. nemendur með sérþarfir, hefur staðsetning tónlistarskóla áhrif á aðgengi eða fjárhagur ?

Er hægt að gera eitthvað öðruvísi í tónlistarskólakerfinu en halda samt kostum þess?

Hver eru markmið okkar með kennaramenntun og hvernig viljum við mennta tónlistarkenna?

Hvernig komum við til móts við tónlistakennara til að þeir séu í stakk búnir til að takast á við breytingar á kennsluháttum og í hugsun?

Rætt var um tónlistarkennaramenntun og tónmenntakennaramenntun í víðu samhengi.

Kristín var spurð að því hvort ekki mætti útbúa námskeið (námsleiðir) til að mennta tónlistarkennara t.d. til hópkenntu?

Listaháskólinn er um þessar mundir að vinna að erindi til að senda í mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem skólinn mun óska eftir því að fá að setja á stofn hagnýtt nám fyrir listgreinakennara.

5 ára kennaranám var rætt og ekki voru allir á einu máli um nauðsyn þess af hafa námið svo langt. Bent var á að við værum að aðlaga okkur að alþjóðlegum viðmiðum og var Bolognasamkomulagið nefnt í því samhengi. Kristín benti á að 5 ára nám væri ekki sérlega langt en skoða þyrfti inntak námsins, það ætti ekki að vera rannsóknartengt nema að litum hluta – kennaranámið þyrfti að vera hagnýtt að hennar mati, helst ætti að mennta kennara frá grunni.

Rætt var um að mennta þyrfti fleiri börn í tónlist en ekki gleyma þeim sem hafa mikla hæfileika. Í þessu sambandi var vísað til kerfis sem er í Finnlandi. Spurt var hvort gefa ætti öllum börnum í borginni kost á hljóðfæranámi? Ætti að spyrja foreldra hvort þeir hefðu áhuga á að setja börn sín í tónlistarnám? Hvernig tónlistarkennslu vilja tónlistarskólar bjóða upp á?

Mikilvægt að tryggja símenntun fyrir tónlistar- og tónmenntakennara, það þarf að tryggja breiða þekkingu en passa upp á sérhæfingu í tónlistarkennslu. Stefna að því að stórauka símenntun fyrir kennara í tónlist í samstarfi við viðeigandi aðila í samræmi við stefnu borgarinnar í tónlistarfræðslu.

17. nóvember 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Stefán Stefánsson, Sigurður Sævarsson, Einar Jónsson, Hildur Guðný Þórhallsdóttir, Jón Hrólfur Sigurjónsson og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð. Á fundinn kom Ingi B. Poulsen, lögmaður frá skrifstofu borgarlögmanns.

Ingi fór yfir lög og reglur um innkaup hjá opinberum aðilum. Flest þjónustukaup yfir 30 m.kr þurfa að fara í útboð, eitt af því sem er undanskilið er menntun/kennsla. Í ljósi þessa er opinberum aðilum ekki skylt að bjóða út tónlistarkennslu hins vegar er það betri kostur til að gæta jafnræðis og standa vörð um nýliðun. Reykjavíkurborg hefur nýtt sér undanþágu ákvæði laganna sl. ár og gert samninga við tónlistarskóla án þess að auglýsa. Ef bjóða á út tónlistarkennslu þarf að fara vel yfir aðferðafræðina, tónlistarskólamarðurinn er lítill og rekstur viðkvæmur. Ef farið verður í opið útboð þarf að setja hæfniskröfur og viðmið. Það þarf að vera samræmi á milli hæfniskrafna og þjónustunnar sem á að kaupa.

Spurt var hvort hægt væri að setja kröfu um stærð skóla? Ingi sagði að það væri vel hægt. Það þarf alltaf að gæta þess að setja ekki íþyngjandi hæfniskröfur, þær verða alltaf að þjóna þeim markmiðum sem á að ná fram. Krafa um stærð skóla gæti hvatt tónlistarskóla til að skoða kosti sameiningar.

Spurt var af hverju þyrfti að breyta í því fyrirkomulagi sem verið hefur um úthlutun fjármagns til tónlistarskóla af hálfu borgarinnar? Ingi sagði að vísbendingar væru um að borgin bæri ekki næga virðingu fyrir jafnræði þegar kemur að tónlistarskólum og þar með raskar hún jafnvægi á markaði. Það þarf að gefa öllum jöfn tækifæri á þessum markaði og borgin þarf að bæta stjórnsýsluna þegar kemur að tónlistarskólum.

Formaður menntaráðs benti á að það þurfi að endurskipuleggja tónlistarskólakerfið líkt og verið sé að gera með skólakerfið í heild (leik-, og grunnskóla og frístundaheimili).

Fram kom að mikilvægt sé að skemma ekki það sem vel er gert og hvort ekki sé hægt að fara einhvern meðalveg svo skólarnir og kerfið sjálft geti aðlagast og fengið tækifæri til að gera breytingar. Væri í þessu sambandi hægt að bjóða út hluta fjármagnsins til tónlistarskóla til að byrja með? Ingi sagði að það væri þá ákvörðun menntaráðs.

Þorbjörg Helga spurði hvort betra væri að gera litlar eða miklar breytingar þegar breyta á kerfi? Ingi sagði að það yrði að skoða vandlega hvaða áhrif breytingarnar gætu haft og það væri best að fela embætti borgarlögmanns og Innkaupaskrifstofu borgarinnar að skoða málið í heild, þ.e. lögmæti, aðferðafræði og tillögur að leiðum.

Varðandi faglega þáttinn þá þyrfti að fá utanaðkomandi aðila til að vinna að þarfagreiningunni ásamt starfsmönnum borgarinnar. Þá benti Ingi á að ný lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla væru í vændum og það þurfi að staldra við og skoða þau.

Spurt var hvað útboð væru til langs tíma?

Borgin býður oft út til 3ja ára með 2 sinnum árs framlengingu. Mikilvægast er að vanda vel verkið og undirbúning þess svo það geti staðið til langs tíma.

1. desember 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Stefán Stefánsson, Sigurður Sævarsson, Einar Jónsson, Hildur Guðný Þórhallsdóttir og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð. Jón Hrólfur Sigurjónsson boðaði forföll.

Farið var yfir nokkrar stefnur Reykjavíkurborgar og þær skoðaðar m.t.t. uppsetningar. Þá var farið yfir skólafundum Garðabæjar.

Unnið var við þau drög að stefnunni sem þegar liggja fyrir og gerðar á henni breytingar, m.a. orðalags- og markmiðsbreytingar.

Ákveðið var að senda drögin á starfshópinn og nota tímamann fram að næsta fundi til að gera breytingar og koma með athugasemdir.

22. desember 2010

Fundinn sátu: Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Stefán Stefánsson, Sigurður Sævarsson, Einar Jónsson, Hildur Guðný Þórhallsdóttir, Jón Hrólfur Sigurjónsson og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Farið var yfir drög að stefnunni og unnið í leiðarljósinu. Þá var stefnan lesin yfir og málfar samræmt. Ákveðið var að setja inn tengla á stefnuna um reglur Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla, skóla án aðgreiningar, aðalnámskrá tónlistarskóla og fleiri tengla sem snúa að umhverfi tónlistarskóla.

Tölfræði og rannsóknarþjónusta Menntasviðs er að vinna greinargerð úr könnuninni (opnu spurningunum) og hefur það tekið lengri tíma en ætlað var þar sem opnar spurningar voru margar og mikil svörun. Greinargerðin verður send til starfshópsins um leið og hún er tilbúin.

Þá var rætt um hvernig hoga skuli kynningu á stefnunni. Á að senda tónlistarkennurum og skólastjórum tónlistarskóla stefnuna til umsagnar og kynningar eða boða til fundar? Á að blanda saman kynningu á niðurstöðum könnunarinnar sem starfshópurinn stóð fyrir og kynningu á stefnufrögunum?


Greinargerð vegna könnunar sem gerð var meðal tónlistarskólustjóra, skólahljómssveitarstjóra og tónlistarkennara í nóvember 2010

Spurningalistinn var gerður af starfshópi um stefnumótun í tónlistarfræðslu í samráði við Ásgeir Björgvinsson sérfræðing á tölfræði – og rannsóknþjónustu. Könnunin var upphaflega send út 23. nóvember á 362 netföng. Ítrekun var send út 1. desember á þá einstaklinga sem ekki höfðu svarað, samtals 230 netföng. Önnur ítrekun var send 6. desember og þá á 199 netföng. Auk þessa var könnunin send á sjö einstaklinga í tilvikum þar sem ný netföng voru gefin upp sem þýðir að könnunin fór samtals á 369 netföng. Eitthvað var hins vegar um að netföng væru ófullkomin og tvítækin en á endanum rataði könnunin á rúmlega 300 einstaklinga. Þegar könnuninni var lokað höfðu 170 svarað listanum að einhverju eða öllu leyti. Svarhlutfall var því á bilinu 55-60%.

Hér á eftir fara niðurstöður úr einstökum spurningum en ekki var unnt að vinna nánari greiningu eftir bakgrunni fyrir tímafrestinn.

Markmið í aðalnámskrá


Hversu mikilvæg eða lítilvæg finnst þér neðangreind markmið sem finna má í aðalnámskrá tónlistarskóla?



Markmiðin þrjú sem finna má í aðalnámskránni eru þættir sem langflestum svarendum finnst mikilvæg og oftast mjög mikilvæg. Yfir 96% finnst leikni – og skilningsmarkmiðin mikilvæg, 91% finnst uppeldisleg markmið mikilvæg og 89% finnst samfélagsleg markmið mikilvæg.

Í aðalnámskrá tónlistarskóla er miðað við að sem flestir nemendur sem hefja hljóðfæranám 8–9 ára, ljúki grunnnámi á þremur árum. Gera má ráð fyrir að eldri nemendur geti farið hraðar yfir. Í mið- og framhaldsnámi eykst umfang námsins og sá tími, sem tekur að ljúka áföngunum, lengist að jafnaði. Lok framhaldsnáms miðast við að nemendur séu undir það búnir að takast á við tónlistarnám á háskólastigi. Svarendur voru spurðir úti hvað þeim finnst eðlilegur námstími nemenda.

Hvað finnst þér eðlilegt að nemandi sé lengi á eftirfarandi námsstigum?



Hvað varðar grunnnámið eru 44% svarenda á því að þrjú ár sé eðlilegur námstími og samtals 73% finnst þrjú til fjögur ár eðlilegur námstími. Í miðnáminu finnst 53% að þrjú ár sé eðlilegur námstími og samtals 80% finnst þrjú til fjögur ár eðlilegt. Í framhaldsnáminu finnst 40% svarenda þrjú ár eðlilegur tími og samtals 80% finnst þrjú til fjögur ár eðlilegt.

Viðmið tónlistarskóla

Finnst þér að tónlistarskólar ættu að setja sér viðmið um nám nemenda fyrir hvert skólaár, umfram þau markmið er birtast í aðalnámskrá?

Já sögðu **70,1%**

Nei sögðu **29,9%**

Þeir sem svöruðu „Já“ voru spurðir áfram:

Í hverju gætu viðmiðin falist? (Hér mátti merkja við fleiri en einn svarmöguleika og samanlagt hlutfall því hærra en 100%)

| Viðmið um... | Fjöldi | Hlutfall |
|--------------|--------|----------|
| Ástundun | 100 | 84,0% |
| Tónleika | 90 | 75,6% |
| Heimaæfingar | 83 | 69,7% |
| Framfarir | 73 | 61,3% |
| Yfirferð | 64 | 53,8% |
| Próf | 62 | 52,1% |
| Annað | 21 | 17,6% |

Af þeim hópi sem finnst að tónlistarskólarnir eigi að setja sér viðmið um nám nemenda fyrir hvert skólaár, umfram þau markmið sem birtast í aðalnámskrá, finnst flestum að ástundun nemenda sé þáttur sem setja ætti viðmið um. Næst á eftir koma tónleikar, heimaæfingar, framfarir, yfirferð og loks próf.

Önnur viðmið um nám nemenda:

Rúmlega tuttugu svarendur merktu við „annað“ og skrifuðu hvaða önnur viðmið þeir hefðu í huga³. Hér er aðallega nefnt samleikur, einstaklingsmiðuð viðmið og mæting/þátttaka á tónleika og menningarviðburði.

Samleikur

„Samleikur er einnig mikilvægur fyrir tónlistarþroska nemenda“.

Einstaklingsmiðuð viðmið

„Einstaklingsmiðuð próf, því mér finnst alls ekki henta öllum nemendum að fara í gegn um tónlistarnám eins og það birtist í námskránni.“

Mæting/þátttaka á tónleika og menningarviðburði

„Mætti hvetja nemendur til þess að mæta á tónleika og jafnvel skylda þau til þess að mæta á ákveðinn fjölda tónleika á hverju ári“.

Tónfræði

„Ástundun hliðargreina eins... tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga allar aukagreinar sem fylgja tónlistarnámi“.

Sköpun

„frumkvæði, sköpunargleði, sjálfstæði“.

Hver eiga viðbrögð tónlistarskóla að vera ef nemandi stenst ekki viðmið tónlistarskóla?

Hér fengu svarendur að svara alveg opið og voru þættirnir sem hér að neðan hafa fengið yfirheitin „skoða hvert tilvik sérstaklega“, „finna nýjar leiðir fyrir nemandann“, „samráð við foreldra“ og „aðvaranir/áminningar“, oftast nefndir hjá svarendum.

Skoða hvert tilvik sérstaklega

„Tónlistarnám er mjög persónubundið og þarf því að taka viðmið af því í hverju tilfelli fyrir sig“.
„Það þyrfti að skoða hvert dæmi fyrir sig. Það er alls ekki hægt að setja hvern nemanda inn í einn ákveðinn staðal; frávikin eru of mörg. Ég hef 35 ára reynslu sem hljóðfærakennari og ég er að sjá miklu meira af nemendum sem eiga 1) erfitt með að lesa nótur 2) við einbeitingarskort að stríða auk þess sem þjóðfélag í dag er allt annað en fyrir 15-25 árum og kröfur til barna og unglunga allt aðrar“.
„Hljóðfærakennsla þarf að vera einstaklingsbundin og taka mið af getu, aðstæðum og áhuga hvers nemanda. Nemendur þurfa að hafa leyfi til að fara á sínum hraða, miðað við sinn þroska og hæfni. Áhugi getur verið til staðar þó að kröfum um hæfni og yfirferð sé ekki alltaf mætt. Þetta eru þættir sem geta tekið miklum breytingum á síðari aldursskeiðum með auknum þroska. Aðalatriði er að nemandinn hafi áhuga og vilja til að stunda námið ...“

Finna nýjar leiðir fyrir nemandann

³ Nokkrir einstaklingar skrifuðu hvaða önnur viðmið ættu að vera umfram aðalnámskrá, án þess að hafa merkt við „annað“ í lokuðu svarmöguleikunum.

„Að endurskoða viðmið, greina vandann, hvað gekk ekki upp, hvers vegna“

„Að reyna að finna nýjar leiðir til að virkja áhuga nemanda á viðfangsefninu (hljóðfærinu) og ef það virkar ekki má ráðleggja tómstund nær áhugasviði nemandans“.

„Athuga hvar vandinn liggur og reyna að fá sameiginleg úrlausn sem ber betri árangur“.

Samband við foreldra

„ef nemandi stenst ekki viðmið það er yfirleitt vegna æfingaleyfis og þá er að tala við foreldra um mikilvægi þess að æfa sig reglulega. Að vera í miklum samskiptum við foreldrana er lykillinn“.

„Slík mál eru rædd við nemendur og foreldra og eru liður í samvinnu og samráði heimilis og skóla. Til þess getur komið að nemandi sé gefinn ákveðinn tímafrestur til að skila tilteknum árangri“.

„Gera grein fyrir því (helst auðvitað að grípa inn í áður það verður of seint) en leggja það í hendur nemandi og forráðamanna hvað til ráða sé og virkja þannig einnig ábyrgð af þeirra hálfu á jákvæðan hátt“.

(Í þessu samhengi dæmi frá einum tónlistarskólanna)

„Foreldrar eru líka í tímum með börnunum, fylgjast með, skrá niður það sem er gert og það sem á að gera heima. Nemandinn stenst þá viðmið okkar“.

Aðvaranir/áminningar

„aðvörun eftir fyrsta hálfu ár. Aðvörun með bréfi frá skólastjóra eða deildarstjóra eftir eitt ár ef engin breyting verður og brottvísun eftir hálfu ári“.

„Gefa nemandanum færi á að ná markmiðunum fyrir vissan tíma en ekki víkja frá þeim. Ef nemandi stenst ekki uppbótartímabil er honum vikið úr skóla tímabundið og þarf að sækja aftur um inngöngu“.

„Senda viðvaranir til foreldra í þrem þrepum,(t.d. á sex vikna fresti) þar til árangur batnar, eftir það gengi nemandi ekki fyrir næsta skólaár“.

Engin sérstök viðbrögð

„Engin sérstök. Nema að nefna það við foreldra eða forráðamenn. Nú eða nemandann ef hann er sjálfráða“.

„ekkert, skólinn á bara að setja sér stefnu hvað hann vill með skólann. Hvaða sérstöðu hann hefur og hvernig nemendur hann vill útskrifa. Þannig geta valist inn kennarar sem hafa svipuð markmið að leiðarljós og býr þannig til ákveðin 'móral' á hverjum vinnustað. Þá vita nemendur hvert þeir vilja fara þegar þeir hugsa um að fara í tónlistarnám“.

Brottrekstur

„Ef nemandi sýnir mjög litlar framfarir eftir 2-3 ára nám, þá ætti hann ekki að halda plássi sínu“

„Fer eftir tegund tónlistarskóla. Þeim mun sérhæfðari sem skólinn er þeim mun meiri líkur að næsta sé hleypt að ef nemandi stenst ekki viðmið skóla“.

Peningaleg viðbrögð

„Menntasvið geri lágmarkskröfur og veiti fjármagn miðað við námsframvindu, en veiti undanþágur“.

„Viðvörun og svo ef frammistaða batnar ekki að bjóða upp á ódýrara hópnám sem gerir minni kröfur eða að styrkur sveitarfélagsins til nemandans verði minnkaður til helminga“.

Hvatning

„Hvatning til að standa sig betur“.

„Hvatning á jákvæðum nótum. Fá nemandi til að gera sér grein fyrir að þetta er gert með hagsmuni hans í huga, ekki skólans“.

Endurtekning

„endurtaka viðkomandi önn með miklu aðhaldi og kröfum kennara“

„halda áfram að reyna að ná viðmiðunum“.


(Hvað varðar viðbrögð tónlistarskólanna almennt, er minnst á að taka þyrfti tillit til hugsanlegra vandkvæða sem nemendur búa við)

„Taka þarf tillit til veikinda, fötlunar, eða annarra hugsanlegra ástæðna sem upp gætu hafa komið á tímabilinu“.

„Hægt er að sækja um undanþágur ef nemandi á í sérstökum erfiðleikum (lesblind, a félagslegir erfiðleikar, erfitt heimili o.s. frv.)“.

Skólanámskrár

Er skólanámskrá í þínum skóla?



Í 60% tilvika segja svarendur að skólanámskrá sé í þeim skóla sem þeir kenna í, fimmtungur segir skólanámskrá ekki vera við skólann og annar fimmtungur veit ekki hvort skólanámskrá sé við skólann eða ekki.

Þeir sem svöruðu „Já“ voru spurðir áfram:

Hversu vel eða illa finnst þér þú þekkja skólanámskrá þíns skóla?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|-------------|--------|----------|
| Mjög vel | 30 | 28,0% |
| Frekar vel | 46 | 43,0% |
| Hvorki né | 19 | 17,8% |
| Frekar illa | 7 | 6,5% |
| Mjög illa | 5 | 4,7% |

Koma kennarar að gerð og endurskoðun skólanámskrár?

Já sögðu **58%**

Nei sögðu **17%**

Veit ekki sögðu **25%**

Að hve miklu eða litlu leyti finnst þér skólanámskráin endurspegla skólastarfið?

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---------------------|---------------|-----------------|
| Mjög miklu | 18 | 19,8% |
| Frekar miklu | 48 | 52,7% |
| Hvorki né | 21 | 23,1% |
| Frekar litlu | 3 | 3,3% |
| Mjög litlu | 1 | 1,1% |

Allir voru spurðir:

Finnst þér að skólinn eigi/ætti að hafa skólanámskrá?

Já sögðu 84,7%

Nei sögðu 15,3%

Þeir sem svöruðu „nei“ voru spurðir hvers vegna tónlistarskólarnir ættu ekki að hafa skólanámskrá og gaf þessi hópur fyrst og fremst upp tvær ástæður fyrir því. Annarsvegar að aðalnámskrá væri nægjanleg og hinsvegar að vegna fjölbreytileika nemenda myndi skólanámskrá þrengja að þeim.

Aðalnámskráin nægileg

„Mér finnst rammi aðalnámskrár nægilega skýr. Það má reyndar segja að hver skóli mætti hafa ákveðið svigrúm og marka sér stefnu, en ég vil ganga lengra og segja að hver kennari ætti að hafa ákveðinn sveigjanleika sem rúmast innan aðalnámskrár“.

„Menntamálaráðuneytið gaf út námskrá fyrir tónlistarskóla, hún dugar“.

Til óþurftar vegna fjölbreytileika í nemendahópnum

„Já og nei. Tónlistarnám á að vera einstaklingsmiðað. Hættan við námskrár og markmið gæti orðið sú að reynt yrði að troða öllum nemendum í sama mótið“.

„Tónlistarnámið er mjög einstaklingsmiðað og áherslur eru breytilegar eftir hljóðfærum. Ég tel að það væri erfitt að útbúa sérhæfða skólanámskrá sem tæki til svo víðs aldurshóps og mismunandi hæfni. Hins vegar tel ég mjög mikilvægt að skólar hafi sína eigin stefnuskrá, stefnumörkun..hvaða þætti er mikilvægt að leggja áherslu á, rækt við, svo að árangur , ánægja í námi og jákvæð upplifun af tónlistarnámi verði sem ríkust“.


Finnst þér að skólanámskrár eigi að virka sem virkt umbótatæki?

Já sögðu 86,6%

Nei sögðu 13,4%

Foreldrasamstarf

Hversu mikilvægir eða lítilvægir eru eftirtaldir þættir í foreldrasamstarfi tónlistarkennara?



Af öllum lokuðu svarmöguleikunum segja næstum allir að upplýsingar um framvindu náms (98%) og að mæting foreldra á tónleika barnanna (96%) sé mikilvægt. Langflestir eða 86% finnst námsmat mikilvægt og á bilinu 66-75% finnst regluleg foreldraviðtöl, þátttaka foreldra í skólastarfi, samskiptabækur og samvinna um skipulag náms mikilvægt.

Hvaða aðrir þættir eru mikilvægir í foreldrasamstarfi tónlistarskóla/kennara?

Langalgengast er að hér nefni svarendur almenna þátttöku foreldra í tónlistarnámi barnanna og hvatningu heimafyrir.

Þátttaka foreldra og hvatning heimafyrir

„Eins og ég kom inná fyrr, tel ég mjög mikilvægt að í upphafi náms sé gerð grein fyrir hlutverki og ábyrgð samstarfsaðila, þ.e. kennara, skóla, nemenda og foreldra. Það getur komið í veg fyrir misskilning, eins og t.d. þann sem sumir foreldrar hafa látið í ljósi, „barninu er í sjálfsvald sett hvort það æfir sig eða ekki, þar sem þetta er frístundanám“ Mikilvægt er að svona viðhorf séu leiðrétt, því annars verður hvorki árangur né ánægja af náminu“.

„ég sé mikinn mun á árangri nemenda minna þar sem að foreldrar fylgjast með heimanámi barna sinna. Bæði hvort sem þau æfa sig með þeim eða bara passa að þau vinni heimavinnuna sína. Það er of mikið um að börn æfi sig ekki heima, undantekningarlaust flosna þau upp úr námi“.

„Það er mjög mikilvægt að nemendur njóti stuðnings heima frá foreldrum þar sem stór hluti námsins felst í heimaæfingum. Foreldrar þurfa oftast að minna unga nemendur á og veita þeim aðhald. Mjög mikilvægt er að foreldrar skilji mikilvægi heimaæfinga og átti sig á umfangi tónlistarnáms og hvað það krefst mikillar vinnu“.

(Í þessu samhengi eitt dæmi frá einum tónlistarskólanna)

„Foreldrar taka mjög mikinn þátt í námi barna í Suzuki aðferðinni. Þetta er móðurmálsaðferð, það er talað um Suzuki þríhyrning sem er kennari, foreldri og barn“.

Þátttaka foreldra í spilatímum nemenda

„Að foreldrar fái að fylgjast reglulega með spilatímum. Fyrsta árið er mikilvægt að foreldri fylgist með í hverri viku til þess að geta hjálpað barni sínu heima t.d. með stöðuna við hljóðfærið. Einnig svo að foreldri skynji vel nauðsyn þess að æfa reglulega heima og hvetji og hjálpi barni sínu til þess að æfa á hverjum degi“.

„Að foreldrar komi af og til í tíma hjá ungum nemendum svo þeir geti stutt barnið við æfingar heima“.

Auðveldur aðgangur að foreldrum

„Á yngri skólastigum vildi ég fá miklu meiri upplýsingar um námsframvindu nemenda minna í grunnskóla, einkum þeirra sem eiga við einhver vandamál að stríða...Lykillinn að velgengni minna nemenda er mjög samstarf við foreldra“.

„Virki heimasíða og að upplýsingaflæði til foreldra um hvað eina sem er á döfinni sé ávallt í góðu lagi“.


Foreldrafélög

„Foreldrafélag og samvinna foreldra í að skipuleggja t.d. kaffi eftir jólatónleika. Vera með í ferðum nemenda í æfingabúðir og þess háttar. Mæta á alla viðburði í skólanum sem tengjast barninu“.

Frumkvæði foreldra að breytingum á náminu

„Foreldrar mættu koma með tillögur að breytingum á skólanámskrám. Eða hafa möguleika á að koma með hugmyndir að starfi skólans“.

Hversu oft yfir skólaárið finnst þér að tónlistarkennarar ættu að upplýsa foreldra um framvindu í námi nemenda?



Yfir helmingur svarenda eða 57%, finnst að upplýsa eigi foreldra um framvindu í námi nemenda, tvisvar á ári en tæpum þriðjungur finnst að slíkt ætti að gera fjórum sinnum á skólaári.

Hvernig ættu tónlistarkennarar að upplýsa foreldra um framvindu í námi nemenda? (Hér mátti

merkja við fleiri en einn svarmöguleika og samanlagt hlutfall því hærra en 100%)

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---------------------------|--------|----------|
| Með samskiptabók | 65 | 41,7% |
| Með tölvupósti | 101 | 64,7% |
| Með símtali | 99 | 63,5% |
| Í foreldraviðtölum | 110 | 70,5% |
| Í Mentor | 19 | 12,2% |
| Annað | 42 | 26,9% |

Á bilinu 64-71% segja að upplýsa eigi foreldra um framvindu í námi nemenda í gegnum foreldraviðtöl, tölvupósta og/eða símtölum. Innan við helmingur vill nota samskiptabók til þessa og aðeins 12% nefna Mentor í þessum tilgangi.

Hvaða aðrar leiðir til upplýsingar um framvindu?

Rúmur fjórðungur svarenda telur upp aðrar leiðir til að upplýsa foreldra um framvindu í námi barnanna. Oftast nefna svarendur þátttöku foreldra í spilatímum barna sinna annarsvegar og einkunnir og/eða umsagnir hinsvegar.

Þátttaka foreldra í spilatímum nemenda

„Gott er þó að foreldrar komi oft í spilatíma því að þá geta þeir fylgst vel með og kennarar komið reglulega skilaboðum til foreldra“.

„hvetja foreldra að mæta öðru hvoru með barninu í tíma og fylgjast með og vera þannig betur í stakk búið að aðstoða heima“.

„Á tónfundum þar sem tónlistarkennarinn hittir foreldra augliti til auglitis. Þar er líka góður vettvangur fyrir almenna hvattningu“.

Einkunnir og/eða umsagnir

„Með einkunnagjöf tvisvar til þrisvar á ári“.

„Með sérstökum umsagnarblöðum“.

„Með umsögnum og einkunnum á vorin. Þar skipta umsagnir höfuðmáli en einkunnir minna enda eru þær oftast eingöngu mat á frammistöðu á einu ákveðnu prófi“.

Mæting foreldra á tónleika

„Sækja Tónleika í viðkomandi Skóla án tillits hvort viðkomandi Barn kemur fram eða ekki“.

„Mæta á tónleika/samspil og fylgjast með frammistöðu og framförum“

Óformlegt spjall við foreldra

„Spjall eftir tónleika“.

„Stutt spjall á göngum skólans eða eftir tónleika getur verið lykilatriði í góðum samskiptum við foreldra“.

Með SMS skilaboðum

„Með smskiptum eftir nemendatónleika“.

Samstarf

Við hvaða aðila ættu tónlistarskólar/skólahljómsveitir að vera í samstarfi við? (Hér mátti merkja við fleiri en einn svarmöguleika og samanlagt hlutfall því hærra en 100%)

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---------------|-----------------|
| Aðra tónlistarskóla/skólahljómsveitir | 135 | 87,1% |
| Leikskóla | 65 | 41,9% |
| Grunnskóla | 114 | 73,5% |
| Framhaldsskóla | 81 | 52,3% |
| Menningarstofnanir (söfn, leikhús o.fl.) | 107 | 69,0% |
| Listamenn | 108 | 69,7% |
| Félagasamtök | 52 | 33,5% |
| Fyrirtæki | 35 | 22,6% |
| Aðra | 24 | 15,5% |

Langflestir eða 87% vilja að tónlistarskólar og skólahljómsveitir séu í samstarfi við aðra tónlistarskóla og/eða skólahljómsveitir. Á bilinu 69-74% vill að tónlistarskólar og skólahljómsveitir séu í samstarfi við grunnskóla, listamenn og/eða menningarstofnanir. Rúmur helmingur vill vera í samstarfi við framhaldsskóla en innan við helmingur vill samstarfa við leikskóla, félagasamtök og/eða fyrirtæki.

Hverja aðra?

Um 16% svarenda nefna aðra hugsanlega samstarfsaðila og er þar algengast sjúkrahús, hjúkrunarheimili og elliheimili.

Sjúkrahús, hjúkrunarheimili og elliheimili

„T.d hafa nemendur einnig farið í heimsókn á sjúkrahús og leikið fyrir sjúklinga og starfsfólk. Yfirleitt er mjög jákvæð reynsla af slíku samstarfi“.

„Dvalar- og hjúkrunarheimili. Báðir aðilar njóta góðs af. Tónlistarnemendur fá fleiri tækifæri til að koma fram og hjúkrunarheimili bjóða upp fráþæra afþreyingu“.

„Barnaspítala Hringins og elliheimili / þjónustuíbúðir fyrir aldraða“.

Kirkjur

„Kirkju, sjúkrahús, heimili fyrir fólk með sérþarfir“.

Borgaryfirvöld

„Borgaryfirvöld / Menntaráð / Höfuðborgarstofu“

Þjónustumiðstöðvar

„Þjónustumiðstöðvar í hverfunum sem skólarnir starfa í“.

Aðra listaskóla

„...aðra listaskóla. Samvinna á þverfaglegum grundvelli myndi pottþétt gefa tónlistarskólunum nýjar hugmyndir að starfsemi í skólunum“.

Í hverju gæti samstarfið falist? (Hér mátti merkja við fleiri en einn svarmöguleika og samanlagt hlutfall því hærra en 100%)

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---------------------------|---------------|-----------------|
| Samspili/samsöng | 133 | 86,9% |
| Skapandi starfi | 114 | 74,5% |
| Samstarfsverkefnum | 109 | 71,2% |
| Kynningum | 93 | 60,8% |
| Vettvangsferðum | 91 | 59,5% |
| Tónfræðagreinum | 82 | 53,6% |
| Öðru | 20 | 13,1% |

Langflestir af þeim sem svöruðu spurningunni, eða 87%, vilja að samspil/samsöngur sé þáttur í samstarfi við aðra aðila. Næstu þrjú af hverjum fjórum vilja að skapandi starf og/eða samstarfsverkefni séu það sem samstarf felst í og á bilinu 54-61% vilja kynningar, vettvangsferðir og tónfræðigreinar.

Aðrir þættir?

Um 13% svarenda nefnir aðra þætti sem þeir vilja sjá samstarf um, þótt einhverjir þáttanna gætu í einhverjum tilvikum fallið undir valmöguleikana hér að ofan. En það sem helst er nefnt er tónleikahald ýmis konar.

Tónleikahald

„Það gæti verið fróðlegt og hagur fyrir nemendur sem sjúklinga ef tónlistarnemendur héldu tónleika a Barnaspítala Hringins ...“.

„Börnin mættu koma meira fram og spila í kirkjum, söfnum eða öðrum menningarstofnunum“.

Sameiginleg verkefni

„Sameiginlegum verkefni s.s. hljómsveitar og samleiksverkefnum, námskeiðum, móttöku erlendra nemenda- og kennarahópa, samvinna um tónleikaheimsóknir innanlands og utan“.

„Vinna saman með t.d. leiklistarskóla um tónlist fyrir leikrit, eða vinna saman með t.d. JSB um að spila í danssýningu, o.s.frv...“.

Enn annað

„Meiri samskiptum kennara og áhuga þeirra á því sem er að gerast í öðrum skólum. Margir kennara á Íslandi eru lokaðir inni í sínum heimi. Með meiri samvinnu, masterklössum á milli skóla, myndi opnast nýr heimur fyrir marga kennara,sem finnst annars kennslan vera það sem þeir því miður þurfi að eyða tíma í til þessa vinna fyrir sér“.

„Kennaraskiptum“

„Heimsóknum í skólana, t.d. OPIÐ HÚS“.

„Ég vil sjá framhaldsskóla með tónlistarbraut (á framhaldsskólastigi, miðstigi lokið) þar sem hægt er að sækja tíma í tónfræðagreinum og samspili á skólatíma í framhaldsskólanum“!

Annað

Hvernig má auka sveigjanleika í tónlistarnámi til að tryggja að sem flestir, t.d. óháð efnahag og/eða fötlunar, hafi tök á að fara í tónlistarnám?

Hér voru kennarar og skólastjórar tónlistarskólanna spurðir alveg opið. Oftast nefndu þeir aukna samvinnu tónlistarskólanna við grunnskólana, aukna fjölbreytni í tónlistarnáminu, aukin fjárframlög til tónlistarskóla, fjárstuðning við nemendur og afnám búsetuhamlana gagnvart nemendum.

Aukin samvinna við grunnskólana.

„Gera tónlistar og hljóðfæra/söngnám hluta af skólaskyldunni“.

„Tónlistarnám er held ég alltof dýrt. Það mætti kannski taka tónlistarkennsluna meira inn í grunnskólana, EN það þarf þá að undirbúa það mjög vel, og tónlistarkennari þarf að vera 100% sammála því að fara í grunnskólana. Ég fer í grunnskóla og kenni, það sem þarf að gera er að setja tónlistarnámið inni stundatöflu nemenda, þannig nemendur komi bara í tónlistartíma rétt eins og þeir fara í til dæmis heimilisfræði eða eitthvað slíkt“.

„Með því að senda kennarana í skólana eins og er gert í Öskjuhlíðarskóla. Þar er starfið til fyrirmyndar að mínu mati og margir mjög fatlaðir fá kennslu við sitt hæfi. Dásamlegt að sjá gleðina í andliti nemendanna“.

Aukin fjölbreytni tónlistarnáms

(T.d. hvað varðar hópkennslu í stað einkakennslu)

„Það mætti bjóða upp á fjölbreyttari námsleiðir, hoptíma eða námskeið sem væru ódýrari en einkatímarnir, en einkatímakennslan er hins vegar að mínu mati nauðsynleg til að halda uppi þeim gæðaviðmiðum sem námskráin fer fram á, ...“

„Bjóða upp á spilatíma þar sem fleiri en einn (t.d.4) geta skipt með sér klst. og þar með minnkað kostnað á hvern nemanda“.

„Hafa hópnámskeið sem kosta ekki eins mikið. Hafa hópnámskeið sem eru unnin í samráði við tónlistarþerapista“.

(T.d. hvað varðar nám handa þeim sem stunda námið sem tómstundir og hina sem ætla að ná lengra)

„Skipta þarf tónlistarnáminu upp í tvo þætti, fyrir þá, sem vilja stunda það sem tómstundir og svo hina, sem vilja gera það að ævistarfi. Þessa ákvörðun þurfa einstaklingar að gera mjög snemma á ævinni, jafnvel 5-6 ára. Sama námskráin getur því augljóslega ekki gilt fyrir alla aðila“.

(T.d. hvað varðar nám handa fötluðum einstaklingum)

„Mér skilst að Valgerður Jónsdóttir sé að gera frábæra hluti með fatlaða nemendur í tónlistarnámi. Það er eðlilegast að styðja vel við bakið á þeim sem þekkinguna hafa og jafnframt að bjóða upp á námskeið fyrir þá sem vilja kynna sér undirstöðuatriðin í starfsaðferðum við að kenna fötluðum börnin tónlist“.

„Fatlaðir hafa lítið sótt tónlistartíma að því er ég best veit, en ég held að það sé starfandi tónlistarþerapisti hér á Reykjavíkursvæðinu sem sinnir fötluðum“.

„Það eru nemendur hér sem eru með, sem dæmi, ADHD, dyslexíu, eru sjónskertir, blindir og einhverfir“.

Meiri fjárframlög til tónlistarskólanna

„Auka fjármagn til tónlistarkennslu“.

„Með auknu framlagi sveitafélaga“.

„Með meira fjármagni til tónlistarskóla, þannig að Reykjavíkurborg hafi hlutfallslega sama fjármagni til tónlistarskólanna eins og nágrennsveitarfélögin“.

(T.d. hvað varðar að borga niður skólagjöld nemenda)

„Reyna að greiða niður tónlistarnám hjá mjög efnilegum nemendum foreldra, sem ekki ráða við að greiða skólagjöld“.

„Ríki eða sveitarfélag borgi niður námið meira í samræmi við það sem gerist í lúðrasveitunum svo ekki skapist ójafnvægi“

„Ríkið styrki allt tónlistarnám í tónlistarskólum þannig að allir sitji við sama borð óháð því hvar fólk býr. Hafa jafnvel styrktarsjóð sem greiðir niður skólagjöld fyrir þá efnaminni“.

Aðstoð við skólagjöld

„Taka má tillit til efnahags, þannig að skólagjöld lækki fyrir þá sem illa eru staddir og hækki að sama skapi fyrir þá sem eru vel staddir“.

„Tónlistarskólar þyrftu að vera styrktir sérstaklega til að geta boðið bæði fötluðum og fátækum upp á tónlistarkennslu“.

„Miða fjárstyrk við hversu langt nemandinn er kominn. Skipta takmörkuðu fé jafn á milli nemenda og þau greiða svo eftirstöðvar námskostnaðar sjálf með námsgjöldum. Nemendur geti valið mismunandi mikið nám og miðast framlag borgarinnar og kröfur þá við það. Námsgjaldaflokkar tónlistarskólanna munu svo taka mið af því“.

(T.d. að styrkja sérstaklega nemendur sem geta náð langt)

„Borgin gæti gefið kost á að framúrskarandi nemendur gætu sótt um styrki“.

„Hægt væri þó að stofna sjóð sem veitti styrki til efnilegra nemenda“.

Engar hindranir vegna búsetu í tónlistarnám

„Láta það fé sem er til skiptanna fylgja börnunum. Þau ákveði hvar þau stunda námið“.

„Allra verst eru þó 'HREPPAFJÓTRAR' þeir sem hafa verið settir á tónlistarnemendur, þannig að þeir fá ekki að stunda nám við skóla í öðrum sveitarfélögum en eigin, nema þeirra sveitarfélag greiði fyrir nemandann“.

„Fyrst og fremst að sveitarfélög komi sér saman um hver skuli borga skólavistina. Óhæft er að sveitarfélög komi í veg fyrir að nemendur sem eiga lögheimili í annars staðar en búseta er geti komið í veg fyrir nám. Reyndar finnst mér að Reykjavík sem höfuðborg landsins eigi að taka fagnandi á móti öllum nemendum sem vegna annarrar menntunar búa í borginni og stundi tónlistarnám þar. Einnig finnst mér að borgin eigi að taka fagnandi á móti þeim nemendum sem vegna sérstöðu námsins, s.s. Söngskólinn, F.Í.H. skólinn, Suzukiskólinn og aðrir sérhæfðir skólar sem taka á móti nemendum, eigi að borga kennslukostnað þeirra - og vera stoltir af“.

Samstarf við skólahljósveitir

„Auka framboð til tónlistarnáms á vegum skólahljósveita og koma námi á strengjahljóðfæri í svipaðan farveg“.

„Fyrir það fyrsta mætti sinna grunnnámi enn frekar og enn meira en gert er inni í grunnskólunum og þá er ég ekki að tala um tónmennt heldur t.d. það starf sem skólahljósveitirnar eru að sinna. Slík starfsemi er fremur ódýr miðað við annað tónlistarnám en gefur mikið af sér“.

„Yfirfæra skólalúðrasveitakerfið sem virkar mjög vel yfir á fleiri tegundir hljóðfærahópa og tónlistar“.

Efla kennara

„Efla kennaramenntun tónlistarkennara og gera þá hæfari til að takast á við fjölbreytta kennsluhætti“.

„Til þess að virkja tónlistarkennara í sveigjanlegra starf þarf t.d. að hækka laun þeirra og auka möguleika þeirra á endurmenntun. Þá þarf að efla tónlistarkennaramenntun hér á landi með tilliti til nemenda með sérþarfir“.

„Vel menntað og hæft kennaralið eykur á fjölbreytileik og sveigjanleika tónlistarskólanna“.

Kröfur um ástundun

„Fyrst og fremst á að auka kröfur um ástundun og mætingu. Þeir sem standast þær kröfur eiga að njóta forgangs. Það er ekki hægt að kaupa 'neistann' út í búð fyrir krakka sem eru bara í tónlistarnámi af því að það 'á' að vera gott. Tónlistarnám á við suma aðra ekki. Allt of mikið af börnum sem eru með tónlistarskólann nr. 3 á áhugasviðalistanum. Hafa engan tíma í námið og er skítsama hvað það kostar bæjarfélögin“.

„Gera kröfur um árangur“.

Útleiga hljóðfæra

„... með því að lána eða leigja hljóðfæri á sanngjörnu verði“.

„reyna að stunda útleigu á öllum hljóðfærum gegn vægu gjaldi - ekki bara minni hljóðfærum,...“

„Víða liggja ónotuð hljóðfæri þeirra sem hafa hætt námi. E.t.v. væri hægt að setja upp markað með notuð hljóðfæri og ekki síður með nótnabækur“.

Aukin samvinna tónlistarskóla

„Sameiginlegar sérdeildir Skóla“

„betra samstarf milli sveitarfélaga þannig að hægt sé að velja skóla sem hentar hverju barni, stækka einhverja skóla þannig að fleiri komist að“,

Minnka kennslumagn

„að hafa krakka í hálfu námi“.

„Þá þarf annað hvort að fækka tíma með hverjum og einum nemanda,...“

Bætt aðstaða

„Bæta aðstæður og kennslutíma“?

„Með góðu aðgengi að kennsluhúsnæði,...“

Fækka nemendum

„taka færri inn í skóla á hverju ári,...“

Auka möguleika frístundakortsins

„Frístundakortið er frábært framtak. Það má endurskoða aldurstakmörkin þar. Börn byrja hjá okkur í fullu námi 4 ára og foreldrar geta ekki notað frístundakortið fyrstu tvö árin“.

Telur þú að tónlistarskólar geti komið í veg fyrir brottfall nemenda?

Já sögðu 59%
Nei sögðu 41%

Hvernig?

Skólastjórar og kennarar sem merktu við „já“ voru spurðir í framhaldi hvernig þeir teldu tónlistarskólana geta komið í veg fyrir brottfall nemenda úr tónlistarskólum⁴. Algengast var að meira einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttara nám og aukið foreldrasamstarf væru þær leiðir sem svarendur mældu með.

Gera tónlistarnámið meira einstaklingsmiðað

„Aðallega með því að sniða kröfur og verkefnaval við getu og áhugamál hvers einstaklings. „Sniða námið að áhugasviði hvers og eins og ekki pína fólk í að gera eitthvað sem það hefur“. ekki áhuga á. T.d. hafa ekki allir áhuga á að koma fram á tónleikum. Tónleikar eru heldur ekkert endilega eitthvað lokatakmark tónlistarmannsins. Tónlistarsköpun sem og það að njóta tónlistar ætti að vera í fyrsta sæti“.

„Slaka á kröfum. Ekki eru allir eins eða hafa sama áhugann. Sýna sveigjanleika. Stofnanir eins og tónlistarskólar 'lenda í því' að þeim finnst þeir gjarnan þurfa að 'sanna sig' í samfélaginu og 'vera sýnileg“.

Fjölbreyttara nám

„Fjölbreytni er lykilatriði. Það má hafa styttri námskeið sem reynir meira á sköpunargáfuna sérstaklega hjá yngri nemendum. Mér finnst alltof mikil mótun í þeirri tónlistarfræðslu sem á sér stað í flestum skólum“.

„Með því að hafa sem mesta fjölbreytni í skólunum. Bjóða upp á fleiri en eina kennsluáferð“.

„T.d. með því að hafa möguleika á klassísku námi rytmísku námi innan sama skóla eða auka samstarf milli rytmískra og klassískra tónlistarskóla, barnakóra o.s.frv. Leyfa nemendum að prófa a.m.k. einu sinni að skipta um hljóðfæri ef þeir efast um fyrsta val“.

Foreldrasamstarf

„Reyna að upplýsa foreldra um námið og halda þeim áhugasömum líka“.

„Með því að vera í góðu sambandi við foreldra og gera áætlun að hausti í samstarfi við nemendur/foreldra um hvað verði unnið/lagt áherslu á yfir veturinn og fara reglulega yfir stöðuna saman“.

„T.d. með auknu foreldrasamstarfi, því ef barn er ekki að sinna náminu er létt leiðin að hætta, en ef ástundun er jöfn og góð þá er árangur vísari og hægt að sigla yfir þyngri daga“.

Meira félagslíf nemenda

„Tengja nemendur betur saman. Hafa samspilstíma eða samæfingartíma einu sinni í viku. Þar væri rætt saman um verkin og krakkar spiluðu fyrir hvort annað. Myndaður vettvangur fyrir krakkana til að kynnast. Held það vanti aðallega félagslega þáttinn í tónlist því allir eru einir í sínu og á unglingsárum þegar mesta brottfallið er sækja krakkar í félagsskap jafnaldra í auknum mæli. Þetta er amk mín reynsla“.

„Gera þarf námið eftirsóknarvert í augum nemandans, t.d. með miklu samspili og félagslífi“.

Góðir kennarar

„Ég tel ekki endilega að tónlistarskólar geti komið í veg fyrir brottfall nemenda en kennarar tónlistarskóla geta það. Allir skólar hafa upplýsingar um það hvaða kennurum helst best á nemendum. Það væri verðugt verkefni að gera rannsókn á því hvers vegna sumir kennarar hafa sömu nemendurna í mörg ár meðan hreyfingin er mikil hjá öðrum. Það skiptir miklu máli að sýna hverjum nemenda umhyggju og skilning ásamt því að hvetja hann til dáða“.

⁴ Allnokkrir svarenda skildu spurninguna á þá vegu að verið væri að spyrja um hvernig tónlistarnám gæti dregið úr brottfalli nemenda úr almennu skólanámi.

„Það eru þó frekar kennararnir sem eru lykilatriðið í því að halda nemendum við efnið. En þó koma tilfelli þar sem að eitthvað annað hentar barninu betur og þá er það ábyrgð kennarans að spjalla við nemandann og foreldri og finna út úr því“.

Gott aðhald

„Mjög mikilvægt er einnig að veita honum gott aðhald frá fyrstu byrjun“.

„Koma má í veg fyrir brottfall efnilegra nemenda með góðri og agaðri kennslu“.

Umhyggja

„Með alúð og umhyggju“.

„Með því að sýna þeim áhuga og láta þá finna að þeir eigi erindi,...“

Lækka skólagjöld

„Hugsanlega lækka skólagjöld“.

Skrá niður ástæður brottfalls og bregðast svo við

„Með því að skrá ástæður brottfalls og skoða hverjar helstu ástæður eru,...“

Samstarf við skólahljómsveitir

„með öflug starfi skólahljómsveita“.

Í dag er mat Reykjavíkurborgar á starfi tónlistarskóla m.a. fólgið í spurningalistum sem fara til tónlistarskóla árlega þar sem spurt er um fjölda nemenda á hverju námsstigi, fjölda áfangaprófa, fjölda tónleika, samstarf við aðra skóla og stofnanir, fjöldi stöðugilda og starfsmanna, nýjungar eða breytingar í skólastarfi. Þá hefur borgin gert viðhorfskönnun meðal foreldra barna í tónlistarskólum. Svarendur voru beðnir um að svara því opið hvaða aðrar þættir þeir teldu mikilvæga að borgin mæti.

Hvaða aðra þætti í starfi tónlistarskóla telur þú mikilvægt að Reykjavíkurborg meti?

Sem aðra þætti til að meta nefna skólastjórar og kennarar helst áhrif tónlistarnáms á námsárangur, starfárangur og þroska nemenda, fjöldi útskrifaðra nemenda, áhrif tónlistarnáms á tónlistarmenningu, gæði náms, fjölbreytileika náms, líðan kennara í starfi og líðan nemenda í tónlistarnámi.

Áhrif tónlistarnáms á námsárangur, starfsárangur og þroska nemenda

„Að kynna sér áhrif tónlistarnáms á árangur nemenda í námi þeirra í grunnskólum og framhaldsskólum. Þættir eins og Reglusemi, námsskipulagning yfirleitt, námsnæmi og viðhorf til náms“.

„Mikilvægt er að meta áhrif tónlistarskólanna á andlega heilsu barnanna og hvernig tónlistarnámið styrkir getu þeirra á öðrum sviðum“.

„Það mætti t.d. líta til lengri tíma og skoða hvað verður um nemendur sem ljúka námi í tónlistarskólum. Hvort þetta nám skili sér beint eða óbeint. Hvort tónlistarnám hafi áhrif á þann farveg sem nem. leita í, t.a.m. varðandi menntun eða ekki“.

Fjöldi útskrifaðra

„Hvað skólarnir skila mörgum nemendum til framhaldsnáms í tónlist, yfir á háskólastig“.

„Mér finnst frekar mikilvægt, að borgin fari kannski 1x á ári inn í tónlistarskólana, og kanni það hvernig skólinn er að kenna, stefnur og fleira. Mjög mikilvægt að borgin fari í tónlistarskólana og athugi hvernig kennara skólinn er að bjóða uppá. Ef að tónlistarskóli sem er til dæmis 11 ára gamall, og hefur ekki haft neinn nemanda sem lokið hefur framhaldsstigi, varla nemendur sem lokið hafa miðsstigi og fáa sem lokið hafa grunnstiginu.... hvað er þá að...? Það er ekki nóg að gera svona kannanir“.

„úr hvaða tónlistarskólum atvinnutónlistarmenn komu. er t.d. viss skóli/ skólar sem 'framleiða' fleiri atvinnutónlistarmenn en aðrir“?

(Tengt þessu var nefnt að meta þyrfti brottfall nemenda)

„Það mætti skoða brottfall og einnig hvað verður um nemendur, hve margir halda áfram í tónlistarnámi“.

Áhrif tónlistarnáms á tónlistarmenningu

„Einnig þarf að meta áhrif tónlistarskólanna út í lífið. Af hverju er svo mikil gróska í tónlistarmenningu Íslands? Af hverju eru skapandi listir farnar að gefa í þjóðarbrúð. Þetta tengist t.d. góðum tónlistarskólum Íslands“.

„Samfélagslegt framlag tónlistarskóla, sem eru gríðarlegt. Ísland án tónlistarnáms væri mun fátækara land“!

„Efnahagslegan ávinning þjóðarinnar á starfi tónlistarskólanna sem skila út í þjóðfélagið færum einstaklingum á sínu sviði“.

Gæði námsins

„Gæði kennslu og gæði nemendahóps. Þeir skólar sem eru með sterkasta nemendahópinn ættu að fá greiðari aðgang að fjármunum frá borginni“.

„Gæði skólastarfs með hliðsjón af hversu stórt hlutfall nemanda gerir tónlist að framtíðarstarfi“.

„Gæði tónlistarkennslunnar. T.d. með að senda út fulltrúa sem skoðar gæði eða gera gæðamat“.

Fjölbreytileiki námsins

„Hvort að nemendur komist að, þörfum borgarbúa sé mætt á þann háttinn vegna þess að 80% nemenda sem byrja í tónlistarnámi hætta í grunnnámi þannig að það er mikilvægt að geta komið til móts við þarfir barnanna strax á grunnskólastigi sem þýðir kannski ekki endilega sérhæfðustu tónlistarmenntunina heldur fjölgreindustu hugsunina“.

Mér þætti forvitnilegt að gerð verði könnun á því hversu lengi meðaltalsnemandinn er að ljúka grunnprófi, miðprófi og framhaldsprófi. Þá grunar mig að niðurstaðan yrði sú að aðeins lítill hópur sé að taka þessi próf. Mér finnst mikilvægt að hver og einn geti fundið eitthvað við sitt hæfi í tónlistarskólanum.

Ánægja kennara í starfi

„Tónlistarskólar eru mismunandi. Það vantar að borgin tali við kennara skólanna og athugi hvernig þeim líður í vinnunni“.

„Viðhorfskönnun kennara til starfs síns. Hugmyndavinna með þeim um þróun kennslunnar,...“

„Vinnuálag tónlistarkennara einnig í sambandi við vinnutíma þeirra“.

Ánægja nemenda í tónlistarnámi

„Hvernig eru nemendur að upplifa námið? Hægt væri að rannsaka hvernig nemendur á hverju stigi fyrir sig upplifi námið og framvindu þess. Væntingar og vonir“.

„Kannski ætti að tékka á nemendunum, hvernig þeim líður og hvað þeim mundi finnast skemmtilegt að væri gert“.

„Það mætti ef til vill leggja meiri áherslu á að kanna hvernig krökkunum líður í skólunum og hvort þau hafa ánægju af því að spila á sitt hljóðfæri frekar en að eyða miklu púðri í hversu margir eru í grunnmið eða framhaldsnámi. Stærstur hluti þeirra sem stunda tónlistarnám eru í því fyrst og fremst sér til ánægju og einungis lítill hluti stefnir á atvinnumennsku í tónlist, því finnst mér of mikil áhersla á prófaleiðina bæði hjá tónlistarskólunum sjálfum og sveitarfélögunum sem nota prófin til að mæla árangur sem oft á tíðum er ekki hægt að mæla“.

Ástundun og námsframvindu nemenda

„Mætingu og ástundun nemenda. Erú nemendur að nýta það sem bæjarfélögin eru að styrkja? Það á að finna það út. Það er sjálfsgæður hlutur að tónlistarskólarnir setji markmið að hausti og skili ársskýrslu

að vori. Ástundunarmat nemenda á að vera jafn sjálfsagt og ástundun í grunn-og framhaldsskólum. Tónlistarkennarar eiga að færa mætingaskýrslu og skila í hverjum mánuði“.

„Námsframvindu einstakra nemenda. Fjölda stigsprófa og fjölda tónleika bæði innan skóla og utan“.

Aðstöðu tónlistarskóla og hljóðfærakost

„Aðstaða skóla, hljóðfærakost“

„Aðstöðu nemenda og kennara. Með heimsóknum“.

Hvernig framfylgja tónlistarskólarnir stefnu borgarinnar í tónlistarmálum

„Borgin þarf að vera viss um að það skólastarf sem hún veitir fjárframlög til sé samkvæmt hennar pólitisku stefnu“.

„Mætti rýna þessi gögn með hliðsjón af markmiðuð aðalnámskrár (sérstaklega framfara þáttinn)“.


Menntun kennara

„Menntun kennara og réttindi þeirra til kennslu. Móta viðmiðanir til að leggja mat á gæði kennslu og þjónustustig skólanna“.

Eftirspurn

spyrja um beiðnir um skólavist og eftirspurn ,hve margir sækjast eftir að koma í viðkomandi skóla.

Hversu mikilvægir eða lítilvægir finnst þér eftirfarandi þættir, úr gæðaviðmiðum Anne Bamford, vera í mati á tónlistarskólum?



Í öllum tilvikum finnst meira en helmingi svarenda tilteknir þættir mikilvægir og í níu af tíu tilvikum finnst þremur af hverjum fjórum þættirnir mikilvægir. Sá þáttur sem svarendur líta á, samkvæmt þessu, sem þann allra mikilvægasta vegna mats á tónlistarskólum, er áherslan á að öll börn njóti og hafi aðgang að listfræðslu. Næstum allir eða 97% telja þáttinn mikilvægan, þar af 82% mjög mikilvægan. Sama hlutfall telur tækifæri nemenda til að koma fram opinberlega mikilvæg, þ.e. 97%, en þar af 68% mjög mikilvæg. Þá finnst 95% virk endur – símenntun fyrir kennara mikilvæg, þar af 69% mjög mikilvæg. Þessir þrír þættir skera sig nokkuð úr en almenn áhersla á samvinnu (89%/43%) og virk samvinna skóla og listastofnana/samtaka, kennara, listamanna og samfélagsins (88%/49%) eiga líka miklu fylgi að fagna meðal skólustjóra og kennara.

Hver er þín framtíðarsýn á fyrirkomulag tónlistarkennslu í Reykjavík?

Seinasta opna spurning könnunarinnar var spurning um framtíðarsýn skólastjóra og kennara á tónlistarkennslu í Reykjavík. Mikið magn upplýsinga varð til í svörum svarenda. Hér voru þrír þættir, sem stundum er skipt niður í undirþætti hér að neðan, langfyrirferðarmestir: frjáls val nemenda á tónlistarnámi – og skólum, ýmis konar breytingar á tónlistarnámi – og skólum og svo sú sýn að halda áfram á þeirri braut sem nú er farin.

1-Frjáls val nemenda á tónlistarnámi – og skólum

Hér var mest áberandi hjá skólastjórum og kennurum að fjárhagur og búseta ætti ekki að hindra nám nemenda.

Að allir hafi jafnan aðgang að tónlistarkennslu óháð fjárhag

„Að öll börn hafi tæk á að stunda tónlistarnám óháð fjárhag foreldra“.

„...að allir hafi jafnan aðgang að tónlistarkennslu óháð fjárhag“

„Að allir, ... eigi jafna möguleika til tónlistarnáms“

(Stundum sett í samhengi við tiltekna hluti)

„Minn draumur er að tónlistarnám verði niðurgreitt álíka mikið og það er gert í skólahljómsveitum borgarinnar. Þá ættu allir að eiga greiðan aðgang að tónlistarkennslu“.

„Öll börn í sambærilegu tónlistarnámi njóti sama fjárstyrks frá borginni, velji sjálf tónlistarskólann þar sem þau vilja stunda nám og féð fylgi þeim þangað“.

Að allir hafi jafnan aðgang að tónlistarkennslu óháð búsetu

„Að borgin sjái að sér í sinni stefnu gagnvart nemendum sem koma frá öðrum sveitarfélögum. Sjái sóma sinn í því að líta á sig sem höfuðborg allra landsmanna með æðstu menntun í tónlist innan sinna borgarmarka og taki fagnandi á móti hverjum þeim nemanda sem til borgarinnar kemur og vill mennta sig í tónlist“.

„...réttur á frjálsu flæði nemenda milli sveitarfélaga. - Burt með búsetugirðingar“!

„...eins og framar öllu að losa um alla áttthagafjötra viðvíkjandi tónlistarnám“!!!

(Stundum sett fram í sambandi við framhaldsnám)

„Reykjavíkurborg verðu að axla þá ábyrgð að vera höfuðborg landsins og vera tilbúin til að koma að menntun allra tónlistarnema sem komnir eru visst langt.“

„Taka af áttthagafjötra á framhaldsmenntun í tónlist“.

Að allir hafi jafnan aðgang að tónlistarkennslu óháð aldri

„Að allir, óháð aldri ...eigi jafna möguleika til tónlistarnáms“

„Mér finnst aldursmörk í tónlistarnámi mjög ósanngjörn og vona að það verði fundin viðunandi lausn fyrir eldri nemendur í framtíðinni“.

Að allir hafi jafnan aðgang að tónlistarkennslu hvort sem nemendur ætli sér að starfa við tónlist í framtíðinni eða hvort nemendur vilji bara hafa gaman að náminu.

„Að tónlistarnám fyrir nemendur á grunnskólastigi sé fyrst og fremst þeim til gleði og skemmtunar, ekki þannig að kröfurnar séu það miklar að þau fái nóg og snerti aldrei hljóðfærið þegar þau komast á fullorðinsár, ... Að allir nemendur fái nám við sitt hæfi, hvort sem þeir eru brennandi af áhuga og æfa sig klukkutíma á dag (eða meira) eða langar að geta spilað undir söng á mannamótum“.

2-Ýmiskonar breytingar á skipulagi tónlistarnámi – og skólum.

Mjög margar tillögur komu fram um breytingar á skipulagi tónlistarkennslunnar. Þeir þættir sem hafa hér að neðan fengið yfirheitin aukin samþætting tónlistarkennslu inn í almennt skólastarf, aðgreining

námsstiga, aukin fjölbreytileiki í tónlistarnámi og aukið praktísk samstarf við grunnskólana, voru fyrirferðarmestir í svörum skólastjóra og kennara.

Aukin samþætting tónlistarkennslu inn í almennt skólastarf

„Að samþætting listgreinakennslu inn í almennt skólastarf verði mun veigameiri þáttur í grunnnámi nemenda - að stjórnvöld sjái þann hag og mikilvæga nesti sem tónlistarnám ber í brjósti sér og að ég tali ekki um í ljósi nýrra fréttu hvað listir velta á ári og blási lífi í tónlistarkennslu“.

„Að tónlist verði sjálfsagður hluti náms í grunnskóla sem allir taka þátt í og Að tónlistakennsla fái sama vægi og íþrótt og tónstundakennsla í menntakerfinu. Með öðrum orðum að meiri peningur verði settur í tónlistarkennsluna á kostnað annarra greina...“

„Einnig er mjög mikilvægt að bæta tónlistarkennslu í gagnfræðaskólum, tónmennt á ekki að hætta í 8unda bekk. Taka þarf tillit til þess að tónlist er mikilvægur hluti af unglingsárunum. Hjá mörgum myndast fyrst raunverulegur tónlistaráhugið við kynþroska. Gagnfræðaskólar þurfa að koma til móts við þarfir unglinga með því að útvega æfingapláss, tilsögn og tækifæri til að spila“.

Aðgreining námsstiga

„Von mín er sú að aðgreining milli tómsstunda og alvöru tónlistarnáms frá unga aldri fyrir þá sem það vilja, verði að veruleika“.

„Þegar að framhaldsstigi kemur má gjarnan hugsa sér meiri sérhæfingu, þannig að færri skólar bjóði upp á það stig“.

„Að stofnaður verði tónlistarmenntaskóli þar sem saman kæmu lengst komnu nemendur landsins í hljóðfæraleik“.

(Stundum sett í samhengi við samstarf við grunnskólana)

„Með bættri aðstöðu fyrir tónlistarkennslu í grunnskólum ætti grunnstig tónlistarkennslu að fara þar fram, öllum nemendum stæði sú kennsla til boða er vildu. Miðstig og framhaldsstig í sér tónlistarskólum þar sem boðið yrði upp á fjölbreyttara nám en gert er í dag“.

„Nám á grunnstigi (og jafnvel hluta miðstigs) má gjarnan fara fram að hluta til inni í grunnskólum í samvinnu við tónlistarskóla þannig að kennsla sé tvisvar í viku og þá sé ég fyrir mér að annað skiptið sé í tónlistarskólanum til að nemandi fái tengsl við þann skóla. Þegar að framhaldsstigi kemur má gjarnan hugsa sér meiri sérhæfingu, þannig að færri skólar bjóði upp á það stig“.

(Stundum sett í samhengi við aðkomu ríkisins)

„Ég vil að tónlistarmenntun fyrir lengra komna nemendur færist aftur yfir til ríkisins. Það er ótækt að nemendur sem vilja stunda nám t.d. við tónlistarskóla FÍH komist í gegnum inntökupróf en fái ekki inngöngu í skólann vegna þess að þeirra sveitafélag er ekki tilbúið að borga með nemandanum.“

„FÍH og Tónlistarskólinn í Rvk. hafi sérstöðu sem skólar sérhæfðir í menntun nemenda í framhaldsnámi. Ríkið taki yfir kostnað við þennan flokk. Hverfissskólum sér heimilt að kenna sama hópi ef sá skóli stendur framarlega í sínu sviði“.

„Að einungis verði starfræktir tveir almennir tónlistarskólar í Reykjavík á framhaldsstiginu, þar sem myndaðist gott samfélag metnaðarfullra nemenda með möguleika á alls konar vali og samvinnu. Framhaldsskólastigið fari yfir til ríkisins“.

Aukin fjölbreytileiki í tónlistarnámi

„Tónlistarskólar fái frjálssar hendur til að skapa sér sérstöðu, t.d. skólar sérhæfing í rytmískri eða klassískri kennslu“.

„Ólíkara og fjölbreyttara tónlistarnám. Meiri munur á tónlistarskólum. Nám fyrir hinn hefðbundna klassíska tónlistarnema og gjörólíkt nám fyrir krakka sem vilja freka semja eða skapa. Það nám þarf ekki að krefjast jafn mikillar heimavinnu“.

„Hver skóli á að fá að móta sína stefnu, leggja áherslu á t.d. söng, píanó o.s.frv. en hafa samvinnu við aðra skóla svo hægt sé að bjóða nemendum upp á meira eftir því sem þeir færast ofar í námi, t.d. með hljómsveit, óperuuppsetningar, fræðigreinar o.fl“.

(Stundum sett í samhengi við hvert nemendur stefna með sínu tónlistarnámi)

„Staðreyndin er sú að flestir eru að læra á hljóðfæri af áhugamennsku en ekki atvinnumennsku og því mættu skólarnir vera sveigjanlegri í að koma til móts við það t.d. með að bjóða upp á val að loknu ákveðnu grunnámi sem allir myndu taka, þá gæti nemandi valið hvort hann vilji fara prófaleiðina með öllu sem því fylgir eða velja leið áhugamannsins sem snýst kannski meira um rytmískt nám eftir eyra“.

„Að í boði verði bæði a) sér braut fyrir áhugafólk sem vill bara kynnast tónlist í gegnum hljóðfæranám, b) Að tónlistarbraut inn í grunnskólunum fyrir alla sem vilja, c) Sér braut fyrir þá sem ætla að verða tónlistarmenn eða starfa í sambandi við tónlist“.

„Von mín er sú að aðgreining milli tómtunda og alvöru tónlistarnáms frá unga aldri fyrir þá sem það vilja, verði að veruleika.“

Aukið praktískt samstarf tónlistarskóla og grunnskóla

„...að kennt verði á skólatíma í öllum grunnskólum í Reykjavík,...“.

„Það þarf að vera miklu meira samstarf við grunnskólana“.

„Tónlistarkennsluna inn í grunnskóla. Samnýta húsnæði, búnað, þríf og fl“.

(Stundum sett í samhengi við aðra þætti)

„Auk þess að sækja tónlistarnámið í tónlistarskóla geti börnin valið að sækja það innan veggja grunnskóla, en það sé í höndum skólustjóra hvers grunnskóla hvort slík þjónusta sé veitt og að hún sé ávallt á vegum tónlistarskóla sem grunnskólinn hefur samvinnu við“.

„Að strengjahljóðfæranám standi til börnum til boða í grunnskólum borgarinnar með svipuðum hætti og verið hefur áratugum saman á vegum Skólahljómsveita Reykjavíkurborgar“.

„koma einkatímum í hljóðfærakennslu í námskrá grunnskóla“.

Færri tónlistarskólar

„Að heildstæð stefna verði tekin hvað varðar fjölda skóla, færri skólar geta veitt fjölbreyttari þjónustu, (hljómsveitarstarf, hóptímar, fleiri hljóðfæri, fjölbreyttara starfslið) með of mörgum litlum skólum fara of miklir fjármunir í stjórnunarkostnað og yfirbyggingu“

„Síðustu 30 ár voru þó óþarflega margir nýir skólar stofnaðir sem nutu opinbers framlags jafnt á við stærri skóla. Leyfum vel reknum skólum að þrífast - gerum kröfur um vandaða skóla og gerum vel við þá“.

„Einnig er auðsýnt að tónlistarskólar í Reykjavík eru allt of margir miðað við smæð samfélagsins. Frekar ætti að skapa færri stærri einingar þar sem nemendur og kennarar fengu stuðning af stærðinni en ekki allir að þukrast í sínu horni eins og oft vill vera með núverandi fyrirkomulagi“.

Auknar kröfur um ástundun nemenda

„Að það verði gerðar mun meiri kröfur en nú er um ástundun nemenda og verði þar miðað við ákveðinn árafjölda (3, 4, 4) í hverju stigi, þó ekki á ósveigjanlegan hátt“.

„Að áhersla sé lögð á alvöru og kröfur námsins. Að nemendur geti ekki haldið áfram að vera í tónlistarnámi ef þeir eru ekki að sinna náminu. Þetta er dýrt nám og foreldrar og nemendur ættu að vera meðvitaðir um að ríkið greiðir háar fjárhæðir með hverjum nemanda. Það ætti ekki að vera tekið sem sjálfsgæður hlutur að vera í tónlistarnámi“

„Borgin hafi skýrar kröfur um námsframvindu að teknu tilliti til þess styrks sem börnin hafa nýtt sér“.

Aukið vægi einkatíma á kostnað hóptíma

„Einnig er mikilvægt að einkatíminn (á hljóðfærið) haldi sínum stað og vægi í náminu. Eftir reynslu mína af hljóðfæra-hópkennslu, (2 í hóp eða 3 í hóp), þá jaðrar við að maður kalli slíkt peninga- og tímasóun fyrir alla sem koma að slíku fyrirkomulagi...Einkatímar eru gulls í gildi og miklu meira en það“.

„Í tónlistarskólum sem fara eftir aðalnámskrá tónlistarskóla þarf að standa vörð um gæði námsins og að ekki sé farið mikið út í hóptímakennslu á hljóðfæri. Ef fara á eftir námskránni og þeim verkefnum sem tiltekin eru þar veitir ekki af klukkutíma einkatíma á hvern nemanda til að ná árangri“.

Aukin samvinna tónlistarskóla með hver öðrum sem og öðrum aðilum

„enn meiri samvinna, t.d. með hljómsveitum“.

„Meiri samvinna varðandi nemendur á framhaldsstigi“.

meiri samvinna á milli skóla við tónleikahald og/eða uppfærslur. –

3-Halda áfram á sömu braut

„Að skólarnir haldi áfram því góða starfi sem þeir hafa verið að vinna“

„Gæta þess að halda því sem vel hefur reynst í skipulagi kennslunnar og frekar bæta við en rífa niður það sem fyrir er“ –

„Framtíðarsýn mín er að tónlistarmenn, kennarar og stjórnvöld standi vörð um það sem áunnist hefur og breyti ekki breytinganna vegna“ –

„Tónlistarkennsla tónlistarskólana er til fyrirmyndar og má ekki raska“.

„Tónlistarmenntun í Reykjavík er mjög góð. Mín framtíðarsýn er sú að það haldist vegna þess tónlistarmenntun hefur mikið uppeldislegt gildi. Auk þess hefur tónlistarlíf á Íslandi aldrei staðið í meiri blóma“.

„Tónlistarskólar borgarinnar eru á heimsælikvarða vegna þess árangurs sem þeir hafa náð og hversu hagkvæmir þeir eru í rekstri. Það munu fá dæmi um að fjármunir nýtist jafn vel í nokkrum málaflokki og að yfirbygging sé svo lítil. Þess vegna er mikilvægt að vernda þetta skólakerfi og hlúa að því til framtíðar. Allar skyndilegar breytingar að óathuguðu máli gera oft meira ógagn en gagn“.

4- Húsnæðismál

„...að aðstaða skóla í grunnskólum sé gætt og gert ráð fyrir sér stofum.“

„Að tónlistarkennsla fari fram innan tónlistarskóla en ekki innan grunnskólanna því oft er aðstaðan þar ekki boðleg nemendum og kennurum“.

„Ef í skólum þá þarf mun betri aðstöðu til. Tónlistarnám þarf sinn tíma og sitt svæði alveg eins og íþróttir og önnur svið sem fólk vill geta tekið alvarlega“.

5-Annað

Aukin menntun tónlistarkennara

„Að allir söngkennarar geti sótt um söngkvóta“.

„Koma á strax menntun tónlistarkennara sem er ekki til staðar núna“.

„Við þurfum einnig að standa vörð um að láta vel menntað fólk ganga fyrir í störfum og byggja upp virðingu fyrir þessu starfi“.

Nýta nýjar aðferðir og tæknina við kennslu

„Að kennarar og skólar tileinki sér nýjar aðferðir og nýjustu tækni hvers tími en staðni ekki í þeirri aðferðanálgu sem þau numu á sínum tíma“

Listnám í leikskólana

„Mér finnst að börnum frá 5 ára aldri eigi að fá tækifæri til að vinna að skapandi starfi í listnámi hvaða nafni sem það nefnist. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir börn áður en þau byrja tónlistarnám að fá tækifæri til að vera í skapandi starfi sem undirbúningur undir tónlistarnám. Það er staðreynd að margir sem hafa stundað tónlistarnám eru hræddir við að taka áhættu og hugsa út fyrir kassann. .. Það virðist sem skapandi þátturinn í kennslunni sé oft mjög ábótavant. Þess vegna held ég að ungir nemendur þurfi að fá góða þjálfun í skapandi listnámi áður en þeir fara í slíkt nám“.

Meiri þátttaka borgaryfirvalda

„Mjög mikilvægt að borgaryfirvöld fylgist með því sem skólarnir bjóða upp á, komi í heimsóknir og á tónleika og ýmsa þá atburði sem tónlistarskólarnir í Reykjavík bjóða upp á“.

„Framtíðin getur verið góð ef ..., farið er í skólana og metið þá og kennara skólans, 1x á ári“

(Gott fordæmi að mati svaranda)

„Suzuki kennsla er einstaklingsmiðað nám sem virkar frábærlega í okkar Suzuki umhverfi, sem Suzukitónlistarskólinn er. Krakkar og foreldrar sækja alla tíma hér, einkatíma vikulega, hljómsveit

vikulega, tónfræðatíma vikulega, undirleikstíma vikulega, hóptíma hálfsmánaðarlega og kammermúsík. Tvennir eða þrennir tónleikar eru í sal skólans hálfsmánaðarlega og stórir tónleikar í Grensáskirkju. Ég sé ekki fyrir mér að hægt sé til dæmis að færa Suzuki kennslu í grunnskóla og ná þessum frábærum árangri sem við náum hér í þessu umhverfi“.

Bakgrunnur svarenda

Kyn

Kona **51%**

Karl **49%**

Fæðingarár svarenda

| | Hlutfall |
|------------------------|----------|
| 20-30 ára | 14% |
| 31-40 ára | 16% |
| 41-50 ára | 30% |
| 51-60 ára | 28% |
| Eldri en 60 ára | 12% |

Hvað kennir þú í tónlistarskólanum/skólahljómsveitinni? (merkja mátti við allt sem við á og því er hlutfall samanlagt hærra en 100%)

| | Hlutfall |
|------------------------|----------|
| Hljóðfæri | 80,5% |
| Söngur | 10,7% |
| Tónfræðagreinar | 19,5% |
| Undirleikur | 10,1% |
| Annað | 21,5% |

Hver er starfsaldur þinn í tónlistarskólanum/skólahljómsveitinni?

| | Hlutfall |
|--------------------|----------|
| Minni en ár | 2,0% |
| 1-5 ár | 14,3% |
| 6-10 ár | 19,7% |
| 11-20 ár | 23,8% |
| Lengri | 40,1% |

Hver er menntun þín?

| | Hlutfall |
|----------------------------------|----------|
| Lokapróf á hljóðfæri/söng | 14,0% |
| BA/Bmus | 30,8% |
| MA | 32,2% |
| Annað | 23,1% |